



**FLENSBORGARSKÓLINN**

**Námsvísir  
Áfangaýsingar**

lokadriög okt 10





# FLENSBORGARSKÓLINN

## Námsgreinar

*Áfangalýsingarnar eru alla jafnan útdráttur úr Aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla, eins og hún er gefin út af Menntamálaráðuneytinu. Þó ber að athuga það að til eru áfangar, sem hér eru taldir og eru sérstakir fyrir Flensborgarskólann.*

### Danska

#### Markmið dönskunáms:

Nemandi

- noti málið sem tjáskiptatæki, bæði til að miðla og afla sér þekkingar og reynslu
- skilji allt venjulegt talað mál á ríkisdönsku
- geti tjáð sig skriflega á sjálfstæðan hátt um efni sem hann þekkir
- sé fær um að lesa dönsku sér til gagns hvort heldur sem er hraðlestur eða nákvæmnislestur
- sé fær um að nýta sér orðabækur og önnur hjálpargögn

#### DAN 293

#### Undirbúningsáfangi

Undirstöðuatriði þjálfuð í málfræði, hlustun, lestri og tjáningu.

Í þessum áfanga verður viðfangsefnið meðhöndlað út frá óhefðbundnum leiðum og reynt að tengja það daglegu lífi og hagnýtum viðfangsefnum. Markmið áfangans er að nemandur nái sömu kunnáttu og krafist er til grunnskólaprófs.

#### DAN 102

Undanfari: 5 eða 6 á grunnskólaprófi eða 5 eða hærra í DAN 293

Lestur, hlustun, orðaforði og málnotkun.

Megináhersla lögð á textalestur til að auka orðaforða. Undirstöðuatriði í málfræði rifjuð upp. Textar ýmist hraðlesnir eða vandlega lesnir. 2 smásögur lesnar. Aukin þjálfun í ritun, hlustun og tali. Nemandi skal geta komið fram fyrir bekkinn og tjáð sig munnlega um afmarkað efni.

#### DAN 152/162

Undanfari: 7 á grunnskólaprófi

Lestur, hlustun, orðaforði og málnotkun.

Megináhersla lögð á textalestur til að auka orðaforða. Undirstöðuatriði í málfræði rifjuð upp. Textar ýmist hraðlesnir eða vandlega lesnir. Tvær smásögur lesnar. Aukin þjálfun í ritun, hlustun og tali. Nemandi skal geta komið fram fyrir bekkinn og tjáð sig munnlega um afmarkað efni. Nemandi sem fellur í DAN 152/162 fer í DAN 102 á næstu önn.

#### DAN 202

Undanfari: DAN 102

Lesskilningur, orðaforði og málnotkun.

Áhersla lögð á textalestur og aukinn orðaforða sem og tjáningu í rituðu og töluðu máli. Skáldsaga lesin. Aukin áhersla á talað mál.

#### DAN 252

Undanfari: DAN 152/162

Lesskilningur, orðaforði og málnotkun.

Áhersla lögð á textalestur og aukinn orðaforða sem og tjáningu í rituðu og töluðu máli. Skáldsaga lesin. Aukin áhersla á talað mál.

## DAN 262/212

Undanfari: DAN 202/252

Tjáning, orðaforði, bókmenntir.

Áhersla lögð á lestur og ritun. Aukin áhersla lögð á hlustun og munnlega tjáningu. Ein skáldsaga lesin auk nokkurra smásagna. Nemandi skal geta unnið sjálfstætt og fær tækifæri til að vinna að stærra verkefni á eigin áhugasviði.

## DAN 303

Undanfari: DAN 212/262

Skilningur, tjáning, sérhæfing og bókmenntir.

Í þessum áfanga er gert ráð fyrir að nemendur séu færir um að tala og skrifa daglegt mál. Lesnar eru a.m.k. þrjár skáldsögur sem og ýmsir aðrir textar, t.a.m. smásögur, textar úr dagblöðum, tímaritum o.fl. Hluti af námsmati er munnleg tjáning. Verkefni geta komið í stað prófa. Námsferð farin til Kaupmannahafnar ef kostur er. Kynntir verða norskir, sænskir og færeyskir textar.

## DAN 372/382/383

### Yndislestur

Undanfari : DAN 212/262

Áfanginn er próflaus og án venjulegrar tímasóknar. Nemendur lesa 5 skáldsögur og 2-3 smásögur. Nemendur velja bækur í samráði við kennara. Nemendur gera ýmist munnlega eða skriflega grein fyrir efni bókana. Nafn áfangans ræðst af því hvort hann er í vali eða á kjörsviði, sem og því hvert umfang hans er. Lýsingin miðar við tvær einingar.

## DAN 403

### Bókmenntir, fjölmiðlar, þemavinna

Undanfari: DAN 303/372

Áfanginn er þrískiptur. Í fyrsta hluta er lögð áhersla á bókmenntir. Í öðrum hluta er fjallað um málefni líðandi stundar og í þriðja hluta er lögð áhersla

## Eðlisfræði

### Markmið eðlisfræðináms:

Nemandi

- þekki grundvallarlögmál náttúrunnar og hafi innsýn í þau hugtök og lögmál eðlisfræðinnar sem eru undirstaða heimsmyndar nútímavísinda
- skilji meginhugtök eðlisfræðinnar, þekki fræðilegan bakgrunn helstu lögmála eðlisfræðinnar og geti nýtt sér þau við útreikninga og útskýringar á eðlisfræðilegum fyrirbærum
- geti í grófum dráttum rakið þróun eðlisfræðinnar, hvernig kenningar koma fram, hljóta viðurkenningu og úreldast
- hafi þjálfast í beitingu vísindalegra vinnubragða, rökrænni framsetningu og nákvæmum úrvinnsluáðferðum
- hafi öðlast reynslu í að nýta sér nýjustu tækni við upplýsingaöflun, úrvinnslu, mat, túlkun og framsetningu við lausn eðlisfræðilegra verkefna

## EÐL 103

### Aflfræði og ljós

Undanfarar NÁT 123 og STÆ 203

Í áfanganum er fræðigreinin kynnt. Hreyfilögmál Newtons. Kraftar og hreyfing hlutar, orkuform og varðveisla orkunnar, afl, þrýstingur, flot hluta, ljós í speglum og linsum. Í verkefnavinnu áfangans er lögð áhersla á nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslu og notkun formúla. Nemandinn gerir verklegar tilraunir og færir skýrslur í vinnubók. Gert er ráð fyrir að a.m.k. 1/6 hluti kennslutímans sé nýttur í tilraunavinnu í litlum hópum.

## EÐL 203

### Varmafræði, hreyfing og bylgjur

Undanfarar EÐL 103 og STÆ 303. Æskilegt að taka áfangann STÆ 403 samhliða.

Í áfanganum er fjallað um gaslögmálið, varmafræði efna, gangfræði í tveimur víddum ásamt hringhreyfingu og sveiflu- og bylgjuhreyfingu. Í verkefnavinnu áfangans er lögð áhersla á nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslu og notkun formúla. Nemandinn gerir verklegar tilraunir og færir skýrslur í vinnubók.

## EÐL 303

### Rafsvið, segulsvið og rásir

Undanfari EÐL 203

Í áfanganum eru tekin til athugunar grundvallaratriði rafmagns og segulsviðs og þau tengd umfjöllun um notkun rafmagns í tæknivæddu þjóðfélagi. Fjallað m.a. um rafkrafta, rafsvið og segulsvið, rafspennu, móttstöður, jafnstraumsrásir, span og rafsegulbylgjur. Í verkefnavinnu áfangans er lögð áhersla á nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslu og notkun formúla. Eins og í fyrri áfanga er lögð

áhersla á að nemandinn geri tilraunir og færi skýrslur í vinnubók. Gert er ráð fyrir að a.m.k. 1/6 hluti kennslutímans sé nýttur í tilraunavinnu í litlum hópum.

### **EÐL 383 Kraftajafnvægi, massamiðja og snúningshreyfing**

Undanfari: EÐL203 og STÆ403 (STÆ503 má taka samtímis).

Þessi áfangi er hugsaður fyrst og fremst sem þjónusta við þá nemendur sem stefna á krefjandi háskólanám í raungreinum, einkum stærðfræði, eðlisfræði, verkfræði eða tæknifræði. Farið er dýpra í nokkur atriði, svo sem skriðþunga, breytilegt þyngdarsvið og orku. Vinna og atlag með breytilegum krafti reiknuð með tegrun. Einnig er farið í massamiðju, snúningshreyfingu, kraftajafnvægi og skekkjureikning. Kunnátta nemenda er einkum prófuð í verkefnavinnu.

### **EÐL 403 Nútímaeðlisfræði**

Undanfari EÐL 303

Í áfanganum er gerð grein fyrir helstu atriðum almennu afstæðiskenningarinnar, skammtafræðin kynnt, svarthlutargeislun, ljósröfun, Röntgen-geislun, efnisbylgjur, atóm og kjarneðlisfræði. Lögð áhersla á sams konar vinnubrögð og í fyrri áföngum. Miðað er við að nemendur vinni ritgerðir eða viðameiri verkefni í tengslum við áfangann sem krefst a.m.k. að hluta til þýðinga úr erlendum fræðiritum um þrengri svið eðlisfræðinnar.

### **EÐL 483 Verkefnaáfangi í eðlisfræði**

EÐL303/(EÐL403 tekinn samtímis eða áður)

Þessi áfangi er ætlaður nemendum sem lokið hafa prófum í undirstöðuáföngunum fjórum, EÐL103, 203, 303 og 403, en vilja sökkva sér niður í eitthvert sérstakt áhugasvið, svo sem stjarnaeðlisfræði, útpenslu alheimsins, uppruna frumefnanna, kjarnorkuvísindi (kjarnaofnar og sprengjur), rafsegulbylgjur eða eitthvað annað sem nemandinn hefur áhuga á. Lögð er áhersla á vísindaleg vinnubrögð, lestur fræðiritra, eðlisfræðilegan skilning og yfirsýn. Ef viðfangsefnið er umfangsmikið getur verið æskilegt að nemandi gefi sér góðan tíma til að ná tökum á því, og þá kemur til greina að vinna hans spanni tvær annir eða fleiri. Nemandi skilar skýrslu um vinnu sína í formi ritgerða en ekki er gert ráð fyrir lokaprófi.

### **UVM173 Ungir vísindamenn**

Þetta er þverfaglegur áfangi, samstarfsverkefni Háskóla Íslands og nokkurra framhaldsskóla. Hann er ætlaður til að aðstoða nemendur við að undirbúa verkefni í landskeppni ungra vísindamanna sem haldin er ár hvert. Vinningsverkefni í landkeppni er framlag Íslands til Evrópukeppni ungra vísindamanna. Áhersla er lögð á:

- Þjálfun í að tjá sig um aðferðir og lausnir í töluðu máli og rituðu
- Þjálfun í að vinna sjálfstætt og í samstarfi við aðra að fjölbreytilegum verkefnum
- Þjálfun í að móta eigin afstöðu studda rökum og niðurstöðum athugana
- Þjálfun í að afla, flokka, vinna úr og miðla upplýsingum á greinargóðan, gagnrýninn og skapandi hátt

## **Efnafræði**

### **Markmið efnafræðináms:**

Nemandi

- sé fær um að vinna sjálfstætt, framkvæma einfaldar tilraunir í efnafræði og útskýra niðurstöður á fræðilegan hátt
- skilji meginhugtök efnafræðinnar
- þekki fræðilegan bakgrunn helstu lögmála efnafræðinnar og geti nýtt sér þau til útreikninga og útskýringa á efnafræðilegum fyrirbærum
- geti í grófum dráttum rakið þróun efnafræðinnar, hvernig helstu kenningar, sem koma fram, hljóta viðurkenningu eða úreldast
- geti sett kunnáttu sína, færni og viðhorf í röklegt samhengi og tengt við umfjöllun og ákvarðanatöku innan alþjóðasamfélagsins um ýmis atriði er tengjast efnafræðinni, t.d. eyðingu ósonlagsins
- hafi öðlast reynslu í að nýta sér nýjustu tækni við upplýsingaöflun, mat, úrvinnslu, túlkun og framsetningu efnafræðilegra verkefna

### **EFN103:**

Helstu efnisatriði eru: Flokkun og eiginleikar efna, einingar, eðlismassi, óvissa, atómið, atómhugi, lotukerfið, jónir og jónefni, nafnakerfið, stilling efnajafna, formúlumassi, avogadrosartala, mól og reynsluformúla, rafeindaskipan

### **EFN203**

Undanfari EFN103

Helstu efnisatriði eru: magnbundnar upplýsingar, ofgnótt og afgangur, eiginleikar vatnslausna, fellingarhvörf, sýru-basahvörf, oxun-afoxun, styrkútreikningar, varmi í efnavörfum, lotubundnir eiginleikar frumefna og lyklatríði efnatengja

### **EFN303**

Undanfari EFN203

Sameindalögun og tengi, gaslögmálið, millisameindakraftar og áhrif þeirra á eiginleika efna, eiginleikar lausna og styrkútreikningar í lausnum, hraðafraði, efnajafnvægi.

### **EFN 313 Lífræn efnafræði og lífefnafræði**

Undanfari EFN 203

Helstu efnisatriði eru: Svigrúmablöndun kolefnis, helstu flokkar lífrænna efna, yfirlit yfir helstu efnahvörf efnaflokkanna, IUPAC-nafnakerfið, byggingarísómerur, rúmísómerur, hendin kolefni og hendnar sameindir, Fisher-varpanir, sykrur, lípið, prótín.

### **EFN403:**

Undanfari EFN303

Sýru-basa jafnvægi, búfferlausnir, sýru basa titranir, leysnimargfeldi, varmafræði, oxun-afoxunarhvörf, rafefnafræði, glavaníhlöður, eiginleikar málmleysingja og málmar og málmvinnsla

## **Enska**

### **Markmið enskunáms:**

Nemandi

- hafi aukið vald á ritmáli með fjölbreyttari orðaforða
- kunnir að beita mismunandi lestrarlagi, þ.e. yfirlitslestri, leitarlestri og nákvæmnislestri
- geti skilið talað enskt mál eins og það er notað við raunverulegar aðstæður
- geti skýrt munnlega frá því sem hann hefur heyrt, séð eða lesið og leiðrétt sig og umorðað
- geti unnið sjálfstætt að þekkingaröflun, nýtt sér heimildir og fagbækur

### **ENS 191/ENS 193 Undirbúningsáfangi**

Í þessum áfanga verður viðfangsefnið meðhöndlað út frá óhefðbundnum leiðum og reynt að tengja það daglegu lífi og hagnýtum viðfangsefnum.

### **ENS 293 Undirbúningsáfangi**

Í þessum áfanga verður viðfangsefnið meðhöndlað út frá óhefðbundnum leiðum og reynt að tengja það daglegu lífi og hagnýtum viðfangsefnum. Markmið áfangans er að nemandur nái sömu kunnáttu og krafist er til grunnskólaprófs.

### **ENS 102 Málfræði og orðaforði**

Undanfari: 5 á grunnskólaprófi eða ENS 293

Undirstöðuatriði enskrar málfræði rifjuð upp. Áhersla lögð á vandlegan lestur texta til að efla orðaforða. Markvissar hlustunaræfingar. Hraðlesið efni við hæfi nemenda.

Enskt talmál æft, skriflegi þátturinn þjálfaður. Nemendum leiðbeint við notkun orðabóka.

### **ENS 103/ENS113 Málfræði og orðaforði**

Undanfari: 7 á grunnskólaprófi

Undirstöðuatriði enskrar málfræði rifjuð upp. Áhersla lögð á vandlegan lestur texta til að efla orðaforða. Markvissar hlustunaræfingar. Hraðlesið efni valið við hæfi nemenda.

Enskt talmál æft, skriflegi þátturinn þjálfaður. Nemendum leiðbeint við notkun orðabóka. ENS 113 er fyrir nemendur á hraðbraut.

Nemandi sem fellur í ENS 103 flyst í ENS 102 á næstu önn en endurtekur ekki 103.

### **ENS 202 Málfræði og orðaforði**

Undanfari: ENS 102

Beint framhald af ENS 102. Aukin áhersla lögð á lestur fjölbreyttari og þyngrri texta en áður.

Áhersla lögð á að byggja upp og auka við hagnýtan orðaforða með margvíslegum æfingum. Talmál æft, m.a. í tengslum við les- og hlustunarefni.

### **ENS 212 Lestur, hlustun, orðaforði**

Undanfari: ENS 202

Beint framhald af ENS 202. Áhersla lögð á að byggja upp og auka við hagnýtan orðaforða með margvíslegum æfingum. Talmál æft, m.a. í tengslum við les- og hlustunarefni.

### **ENS 203/ ENS 213 Lestur, hlustun, orðaforði**

Undanfari: ENS 103

Gerðar eru meiri kröfur til sjálfstæðra vinnubragða en í ENS 103. Áhersla lögð á að byggja upp og auka við hagnýtan orðaforða með margvíslegum æfingum. Talmál æft, m.a. í tengslum við les- og hlustunarefni.

#### **ENS 303**

#### **Flóknir textar, bókmenntir**

Undanfari: ENS 203

Áhersla lögð á að nemendur verði vel læsir á flókna texta af ýmsu tagi. Lesin eru bókmenntaverk og þau túlkuð út frá víðara samhengi en áður. Áhersla lögð á alhliða færni í málinu. Ritgerðasmíð.

#### **ENS 403**

#### **Fagorðaforði, öflun upplýsinga – hópar greinast eftir brautum**

Undanfari: ENS 303

*Félagsfræðabraut*

*Náttúrufræðibraut*

*Málabraut*

Áhersla lögð á fjölbreytilega texta, t.d. bókmenntaverk, tímarit og dagblöð ásamt efni er tengjast braut nemandans. Áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, t.d. við öflun upplýsinga og úrvinnslu þeirra. Ritgerðarsmíð.

#### **ENS 503**

#### **Skáldsögur, smásögur, kvikmyndir.**

Undanfari: ENS 403

Áhersla lögð á bandarískar og breskar skáldsögur / smásögur frá ólíkum menningarheimum eftir rithöfunda sem hlotið hafa viðurkenningar fyrir verk sín.

Ritun heimildaritgerða.

#### **ENS 603**

#### **Leikrit, kvikmyndir.**

Undanfari: ENS 403

Áhersla lögð á leikrit, bresk, bandarísk og e.t.v. frá öðrum enskumælandi löndum. Umræður, ritgerðir og önnur verkefni tengd efninu.

#### **ENS 703**

#### **Bókmenntir á ensku.**

Undanfari: ENS 403

Enskar bókmenntir aðrar en þær bresku og bandarísku. Hér má nefna S-Afríku, Kanada, Ástralíu, Nýja Sjáland og Indland.

#### **ENS 783**

#### **Kvikmyndir**

Undanfari: ENS 703/803 og að nemandinn hafi lokið að minnsta kosti 100 einingum.

Yfirlit: Þessi áfangi er ætlaður nemendum sem vilja bæta munnlega færni sína í ensku. Áfanginn mun ekki hafa reglulega tíma í stundatöflu, en nemendur hitta kennara sinn að minnsta kosti fjórum sinnum yfir önninna og ræða mismunandi tegundir kvikmynda. Til þess að ljúka áfanganum munu nemendur líka skrifa eina kvikmyndagagnrýni fyrir dagblað (um 300 orð) og aðra kvikmyndagagnrýni fyrir tímarit (um 1000 orð)

#### **ENS 803**

#### **Bókmenntir þýddar yfir á ensku.**

Undanfari: ENS 403

Lögð áhersla á bækur þýddar á ensku, t.d. íslenskar s-amerískar o.fl. Kvikmyndir einnig frá þessum löndum.

#### **ENS 883**

#### **Kvikmyndir**

Undanfari: ENS 703/803 og að nemandinn hafi lokið að minnsta kosti 100 einingum.

Yfirlit: Þessi áfangi er ætlaður nemendum sem vilja bæta munnlega færni sína í ensku. Áfanginn mun ekki hafa reglulega tíma í stundatöflu, en nemendur hitta kennara sinn að minnsta kosti fjórum sinnum yfir önninna og ræða mismunandi tegundir kvikmynda. Til þess að ljúka áfanganum munu nemendur líka skrifa eina kvikmyndagagnrýni fyrir dagblað (um 300 orð) og aðra kvikmyndagagnrýni fyrir tímarit (um 1000 orð)

## **Félagsfræði**

### **Markmið félagsfræðináms:**

Nemandi

- auki þekkingu sína á þjóðfélaginu og félagslegu umhverfi og skilning á stöðu sinni og annarra í þjóðfélaginu
- fái virkan áhuga á nánasta umhverfi sínu og þjóðfélagi og þroski með sér sjálfstæði, gagnrýna hugsun, víðsýni og jákvætt viðhorf til samborgaranna
- nái tókum á tilteknum þekkingaratriðum bundnum merkingarheimi unglunga og færniþáttum við athugun og greiningu

- leggi á síðari stigum ríkari áherslu á vinnubrögð fræðigreinarinnar og efli hæfni sína til að vinna sjálfstæð rannsóknarverkefni

#### **FÉL 103 Almenn félagsfræði**

Grunneiningar samfélagsins skoðaðar frá sjónarhorni félagsvísinda. Fjallað um áhrif samfélagsins á einstaklinginn og líf hans. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist þekkingu á umhverfi sínu nær og fjær svo að þeir verði færir um að taka virkan þátt í samfélagslegum umræðum og geti mynda sér skoðanir á meðvitaðan og gagnrýninn hátt.

#### **FÉL 203 Frumkvöðlar og kenningar**

Undanfari: FÉL 103

Fjallað um Comte, Durkheim, Marx og Weber og framlag þeirra til greinarinnar. Farið í samvirkni-, samskipta- og áttakakenningar. Fjallað um sjálfsmyndina og táknað samskipti, m.a. út frá kenningum Goffmans. Nemendur læri um félagslega lagskiptingu, frávik, fjölmiðla og áhrif þeirra (þar á meðal netsins), enn fremur kynhlutverk. Þessi viðfangsefni skoðuð í ljósi ólíkra félagsfræðikenninga.

#### **FÉL 213 Mentorverkefnið Vinátta.**

Á haustönn verður boðið upp á þátttöku í mentorverkefninu Vinátta eins og undanfarna vetur. Verkefnið er fólgið í reglulegum samverustundum grunnskólabarns og framhaldsskólanemanda sem stendur yfir einn vetur. Markmiðið er m.a. að skapa persónulegt samband milli barns og ábyrgs, þroskaðs einstaklings.

Verkefnið er metið sem einn þriggja eininga áfangi í félagsfræði.

Upplýsingar eru á vefnum vinatta.is og í bæklingi sem má nálgast hjá kennara. Skilyrði eru að nemendur séu orðnir 18 ára og hafi lokið a.m.k. FÉL103. Áfanginn nær yfir tvær annir.

#### **FÉL 233 Afbrotufræði**

Farið er í sögu afbrotufræðinnar sem og helstu flokka afbrota. Áhersla lögð á afbrotahegðun og refsingar m.a. í tengslum við lagskiptingu og menningarkíma. Hvað er afbrot og hver skilgreinir afbrot? Lögð er sérstök áhersla á að skoða Ísland í þessu samhengi.

#### **FÉL 303 Stjórn málafræði**

Undanfari: FÉL 203

Stjórn málafræðin kynnt sem fræðigrein. Nemendur öðlist skilning á helstu hugtökum sem notuð eru í fræðigreininni. Umfjöllun um átök og samstöðu, lýðræði og vald. Nemendur læri að greina helstu hugmyndafræðistrauma stjórn mála. Rakin er þróun íslenskra stjórn mála frá sjálfstæðisstjórn málum til stéttastjórn mála og til margbreytni íslenskra stjórn mála nú.

#### **FÉL 313 Félagsfræði þróunarlanda**

Undanfari: FÉL 203

Nemendur kynnist mismunandi hugmyndum um skiptingu heimsins, einkum tvískiptingu hans í þróuð lönd og vanþróuð. Nemendur átti sig á mismunandi hugtökum um þróunarlönd, svo sem „vanþróuð lönd“, „þriðji heimurinn“ og „Suðri“. Margbrotin merking þróunarhugtaksins. Nemendur geri sér grein fyrir efnahagslegum, stjórnmálalegum og menningarlegum einkennum þróunarlanda. Fjallað um ólíkar tegundir þróunarsamvinnu, sérstaklega þróunaraðstoð Íslendinga. Nemendur geri sér grein fyrir margbreytileika samfélaganna í suðri. Þeir kynnist aðferðum mannfræðinnar við rannsóknir á einföldum samfélögum og kynni sér a.m.k. eina athugun mannfræðinga á óiðnvæddu samfélagi.

#### **FÉL 323 Mannfræði**

Undanfari: FÉL 203

Kynnt tvískipting mannfræðinnar í líkamsmannfræði og félags- eða menningarmannfræði. Nemendur kynni sér þróunarhugtakið í tengslum við líffræðilega og menningarlega þróun. Menningarhugtakinu gerð ítarleg skil ásamt vettvangsaðferð mannfræðinnar. Í ljósi afstæðishyggju eru nemendur hvattir til að skoða menningarlegan margbreytileika mannlífsins nær og fjær. Þá kynnst þeim þeim rannsóknarsviðum sem erlendir og íslenskir mannfræðingar hafa beint sjónum að á Íslandi og annars staðar. Þannig er áhersla lögð á að nemendur átti sig á hnattrænu sjónarhorni mannfræðinnar.

#### **FÉL 403 Aðferðafræði**

Undanfari: 9 einingar í félagsfræði

Fjallað er um eðli og tilgang vísinda og helstu rannsóknaraðferðir félagsvísinda í því ljósi. Bornar eru saman megindlegar og eigindlegar rannsóknir og tengsl þeirra við kenningar félagsfræðinnar skoðuð. Rætt um aðferðafræðileg og siðferðileg vandamál í rannsóknum og sú umræða tengd gagnrýninni umfjöllun um niðurstöður rannsókna. Rannsóknarferlinu er lýst og fjallað um úrvinnslu, greiningu og kynningu gagna. Nemendur gera stórt verkefni, könnun, þar sem ítarlega er farið eftir leiðsögn rannsóknarferlisins.

#### **FÉL 503 Rannsóknarverkefni**

Undanfari: FÉL 403

Nemendur vinna rannsóknarverkefni þar sem þeir fá þjálfun í að beita rannsóknaraðferðum félagsvísindanna og sýna öguð vinnubrögð með því að fylgja vísindalegu rannsóknarferli. Ýmist getur verið um einstaklings-, para- eða hópverkefni að ræða. Nemendur velji félagsfræðilegt viðfangsefni í samráði við kennara, annaðhvort sameiginlegt viðfangsefni eða hver nemandi sjálfstætt verkefni. Nemendur beiti a.m.k. tveimur ólíkum rannsóknaraðferðum í verkefninu. Þeir skrifi rannsóknarskýrslu og kynni rannsóknina í lok annarinnar með a.m.k. tveimur ólíkum aðferðum

#### **SJÁ 102 Samstarfsverkefni við Rauða krossinn (hluti af kjörsviði í FÉL)**

Nemendur sækja námskeið og vinna sjálfboðið starf yfir önnina í samráði við kennara Flb og Hafnarfjarðardeild Rauða krossins. Meðal verkefna í boði eru: Heimsóknarvinir, störf á Læk - athvarf fyrir fólk með geðraskanir, ungmennastarf, starf í Rauða krossbúðinni. Nemendur fá fræðslu um hugsjónir og störf Rauða kross hreyfingarinnar og sækja annað námskeið fyrir sjálfboðaliða. Einnig munu nemendur vinna verkefni í fjáröflun. Nemendur skrifa dagbók um vinnu sína. Áfanginn byggir á hugmyndum um þátttökunám (service learning) og er próflaus.

#### **VIT 171 Rannsóknarverkefni**

Undanfari:

VIT 171 er áfangi fyrir þá nemendur sem hafa áhuga á því að vinna að forvörnum og eflingu heilbrigðra lífshátta innan skólans sem utan. Áfanginn er á ábyrgð forvarnafulltrúa en í samvinnu við NFF, nemendafélag Flensborgarskólans. Auk fræðslu um heilbriggt líf og áherslu á forvarnir innan skólans mun forvarnafulltrúi vera í samstarfi við forvarnafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar með það að markmiði að virkja nemendur Flensborgarskólans í forvarnastarfi meðal grunnskólanema.

## **Fjölmiðlun**

### **Markmið fjölmiðlanáms:**

Nemandi

- tileinki sér gagnrýnið hugarfar gagnvart fjölmiðlum
- geri sér grein fyrir gagnsemi og takmörkunum fjölmiðla
- greini áhrif fjölmiðla á viðhorf og mótun einstaklinga, einkum barna og unglinga
- kynnist vinnulagi sem viðhaft er í starfi fjölmiðlafólks
- geti flokkað og greint gerðir fjölmiðlunar eftir tækni (t.d. ritmiðla, ljósvakamiðla, netið) og hlutverki (t.d. persónu- og fjöldaboðskipti) og greini breytileg tengsl þar á milli

#### **FJÖ 103 Inngangur að fjölmiðlun**

Fjallað um þrjú form nútímafjölmiðlunar: blöð og tímarit, ljósvaka og fjölmiðlun innan netheima. Kannað verður hvað einkennir boðskipti innan þeirra og þau borin saman, bæði í sögulegu og fræðilegu samhengi. Fjallað verður um fréttaflutning í nútímasamfélagi. Áhrifamáttur fjölmiðla kannaður og þáttur þeirra í félagsmótun einstaklinga.

#### **FJÖ 173 Útvarp**

Undanfari: Engin.

Áfanginn er valáfangi án undanfara og er sérstaklega ætlaður þeim sem hafa áhuga á að kynna sér dagskrárgerð og tæknivinnu í útvarpi.

Farið verður í helstu atriði dagskrárgerðar í útvarpi, og mismunandi viðhorf og vinnslustig skoðuð. Nemendur gera handrit að eigin þætti og vinna til útsendingar í útvarpi Flensborgar FM 96,2. Þá vinna þeir fréttatengt efni og mannlífsefni á vettvangi með mismunandi hljóðnemum, klippa og hljóðblanda með tónlist þannig að úr verði áhugvert útvarpsefni til útsendingar. Þá sjá nemendur um beinar útsendingar úr hljóðveri skólans, ýmist hver fyrir sig eða í litlum hópum, og koma að hljóðstjórn og útsendingum á völdum atburðum í skólanum. Námsmat byggt á verkefnum annarinnar og mætingu, en gerð er krafa um 100% mætingu. Áfanginn er eingöngu í boði á haustönn.

#### **FJÖ 173 Sjónvarp**

Undanfari: Engin.

Áfanginn er valáfangi án undanfara og er sérstaklega ætlaður þeim sem hafa áhuga á að kynna sér dagskrárgerð og tæknivinnu í sjónvarpi.

Farið verður í helstu atriði dagskrárgerðar í sjónvarpi, og mismunandi viðhorf og vinnslustig skoðuð. Nemendur gera handrit að eigin þætti og til útsendingar í sjónvarpi Flensborgar. Þá vinna þeir fréttatengt efni og mannlífsefni á vettvangi, klippa og hljóðblanda þannig að úr verði áhugvert sjónvarpsefni til útsendingar. Þá sjá nemendur um beinar útsendingar úr myndveri skólans og koma að upptökum og útsendingum á völdum atburðum í skólanum og félagslífi nemenda, auk þeirra verkefna sem deildinni eru falin af aðilum innan sem utan skólans.

Námsmat byggt á verkefnum annarinnar og mætingu, en gerð er krafa um 100% mætingu. Áfanginn er eingöngu í boði á haustönn.

**FJÖ 183 Draupnir - Útgáfa skólablaðs**

Undanfari: Engin.

Nemendur áfangans sjá um útgáfu á Draupni, skólablaði Flensborgarskólans. Áfanginn teygir sig yfir tvær annir. Hámarksfjöldi nemenda er 10. Áfanginn getur verið skráður sem FJÖ181/182 eða FJÖ283.

**FJÖ 203 Myndveruleikinn**

Undanfari: FJÖ 103

Áfanginn fjallar um hinn myndvædda heim, frá hellaristum til netheima. Fjallað verður um sameiginleg einkenni og sérkenni kyrrmynda, kvikmynda og sýndarveruleikans og tengsl þessara miðla við viðfangsefnið. Áfanganum er skipt í þrjá efnisþætti: kyrrmynd, kvikmynd og sýndarveruleika netheima.

**FJÖ 213 Fjölmiðlaheimurinn**

Undanfari: FJÖ 103

Í áfanganum er fjallað um fjölmiðla frá tilkomu fyrstu tímarita og dagblaða og fram til okkar daga. Fjallað er um félagsleg og stjórnmálaleg áhrif fjölmiðla og hvernig þau hafa breyst í gegnum tíðina. Kannað er forræði yfir fjölmiðlum, staða þeirra sem „fjórða valdsins“ og hvaða ytri og innri þættir hafa áhrif á fréttamat þeirra og umfjöllunarefni.

**FJÖ 273 Dogme**

Undanfarar : FJÖ 203 eða DAN 212/262

Lýsing : Áfanginn fjallar um danska kvikmyndgerð þar sem einblínt verður á kvikmyndir sem gerðar hafa verið eftir dogme reglum. Farið verður í handritsgerð, tókur og klippingar á kvikmynd og að lokum unnin stuttmynd eftir dogme reglum.

**FJÖ 303 Fjölmiðlun og netsamskipti, verkefnaáfangi**

Undanfari: FJÖ 203/213

Þetta er lokaáfangi og gerð er krafa um staðgöða undirstöðukunnáttu. Nemendur dýpka þekkingu sína í fræðilegri umfjöllun um hlutverk og gildi fjölmiðla í þjóðfélaginu með lestri, viðtölum, rannsókn, verkefnavinnu og vettvangsferðum.

## Franska

**Markmið frönskunáms:**

Nemandi

- geti tileinkað sér lestrarefni af ýmsu tagi, þ. á m. bókmenntatexta
- geti skilið franskt talmál og skynji mismunandi málvenjur
- geti tjáð sig munnlega og skriflega um margbreytileg efni
- sé fær um tjáskipti á frönsku og geti bjargað sér við mismunandi aðstæður
- kunni skil á grundvallarreglum í málfræði
- geti nýtt sér söfn og upplýsingatækni til sjálfsnáms

**FRA 103 Framburður, orðaforði, menning**

Megináhersla er lögð á undirstöðuatriði tungumálsins. Nemendur eru æfðir í að tala og skrifa um sjálfa sig, fjölskyldu sína, vini, áhugamál og nánasta umhverfi sitt. Um leið æfast þeir í samræðum um þessi efni. Mikil áhersla er lögð á framburð og hlustun. Einnig fer fram markviss uppbygging orðaforða og kennsla í málfræði. Auk þess fræðast nemendur um franska tungu og menningu.

**FRA 203 Tal, orðaforði daglegs lífs, málfræði**

Undanfari: FRA 103

Áfram er unnið að aukinni færni nemandans í hlustun, tali, lestri og ritun. Viðfangsefnin tengjast m.a. daglegu lífi, atvinnu, ferðalögum, fríi og liðnum atburðum. Veruleg áhersla er á aukinn orðaforða, málfræði og málskilning. Nemendur eru þjálfaðir í tali og ritun í tengslum við námsefnið. Þeir fá fræðslu um franskt þjóðlíf, siði og venjur samhliða námsefninu.

**FRA 303 Samtöl, lestur, ritun**

Undanfari: FRA 203

Áframhaldandi þjálfun í hlustun, tali, lestri og ritun. Umfjöllunarefni sem tengjast tómsundum, áhugamálum, ferðalögum, endurminningum og framtíðaráformum. Lesnar eru léttlestrarbækur. Nemendur eru þjálfaðir í lestri og ritun langra, samfelldra texta og að segja frá liðinni og ókominni tíð í ræðu og riti. Sem fyrr eru nemendur fræddir um frönskumælandi þjóðir og menningu.

**FRA 403 Léttir bókmennta- og nytjatextar, framsögn**

Undanfari: FRA 303

Meðal viðfangsefna eru frægt fólk, fjölmiðlar, listir, bókmenntir, mismunandi heimkynni og landkynningar. Að mestu leyti er lokið við að fara yfir undirstöðuatriði franskrar málfræði. Lesið er efni af ýmsum toga, svo sem stuttir bókmenntatextar og blaða- og tímaritsgreinar. Nokkru hraðar er farið yfir námsefnið en áður. Fræðsla um staðhætti og menningu sem tengist námsefninu, m.a. í formi kynninga og stuttra fyrirlestra.

#### **FRA 503**

#### **Bókmenntir og hlustun**

Undanfari: FRA 403

Áhersla lögð á lestur bókmennta og fræðslu um franska menningu. Ritað, rökrætt og skipst á skoðunum um námsefnið. Málfræði fyrri áfanga rifjuð upp, kenndar nýjar tíðir sagna. Þemaverkefni um bókmenntir og menningu. Nemendur hvattir til aukins sjálfstæðis í vinnubrögðum.

### **Hagfræðigreinar**

#### **Markmið viðskipta- og hagfræðigreina:**

Nemandi

- • öðlist skilning á skipulagi og uppbyggingu framleiðslu og þjónustu í nútímasamfélögum
- • geri sér grein fyrir verðmætasköpun einstakra fyrirtækja og heildarverðmætasköpun samfélagsins
- • þekki mikilvæga þætti í rekstri fyrirtækja, bæði um innra skipulag og ytri aðstæður
- • greini hringrás efnahagslífsins og gangverk markaðskerfisins
- Námsvísir Flensborgarskólans október 2007 bls. 10
- • öðlist þekkingu á bókhaldi, fjármálum, skipulagi og stjórnun efnahagsheilda, heimila, fyrirtækja, þjóðfélaga og alþjóðaviðskipta
- • þekki mælikvarða og tæki hagstjórnar og umræðu um mismunandi leiðir í efnahagsmálum
- • öðlist skilning á nútímalegum hagkerfum, kostum þeirra og takmörkunum
- • þekki helstu stofnanir sem fara með viðskipti og hagfræðileg málefni, héraendis og í alþjóðaviðskiptum
- • þekki mikilvæga þætti í milliríkja viðskiptum og alþjóðlegu efnahagsumhverfi
- • þekki og geti notað algeng hugtök í viðskipta- og efnahagslífi
- • geti tileinkað sér og greint daglega umræðu um hagfræðileg og viðskiptaleg efni
- • noti stærðfræði og ýmis tæki við lausn hagfræðilegra viðfangsefna, svo sem tölfraðileg gögn, línurit og nýjustu upplýsingatækni
- • þrói hæfileika til skapandi og gagnrýnnar hugsunar
- • sýni hæfni til sjálfstæðis og samstarfs
- • komi þekkingu sinni á framfæri í ræðu og riti með fullnægjandi hætti
- • geti hagnýtt sér Netið til öflunar upplýsinga
- • geti lesið viðskiptasiður blaða sér til gagns
- 

#### **Bók 103**

#### **Bókfærsla I**

Í þessum byrjunar áfanga er fjallað um bókhaldshringrásina og helstu reglur tvíhliða bókhalds. Fjallað er um grundvallarhugtök eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Lögð er áhersla á að nemendur verði færir um að annast almennar færslur í dagbók, hafi skilning á uppgjöri og geti sett fram efnahags- og rekstrarreikning. Nemendum er veitt innsýn í notkun flestra reikninga sem telja má til grunnreikninga í fjárhagsbókhaldi. Nemendum er gerð grein fyrir tilgangi bókhalds og kynnt helstu lög um bókhald og virðisaukaskatt.

#### **Bók 203**

#### **Bókfærsla II**

Undanfari: BÓK 103

Gert er ráð fyrir að nemendur sem hefja nám í þessum áfanga hafi fullt vald á bókhaldshringrásinni, geti hafið bókhald og lokað því samkvæmt reglum tvíhliða bókhalds. Þessi kunnátta er dýpkuð verulega meðal annars með erfiðari færslum. Farið yfir bókun á helstu reikningum fyrirtækja; notkun fyrningareikninga við afskriftir eigna, bókun verðbréfa, hlutabréfa, skuldabréfa og annarra skuldaviðurkenninga og notkun affallareiknings. Einnig er farið yfir bókanir sem varða innflutning; tollafgreiðslu, greiðslu virðisaukaskatts í tolli, kostnað og fyrirkomulag við geymslu á vörum í tollvöregu geymslu. Uppgjörsfærslum er haldið áfram, bæði í gegnum aðalbók og reikningsjöfnuð. Farið er yfir bókanir í sambandi við stofnun og slit fyrirtækja, breytingar á réttarformi, samruna og fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja.

#### **BÓK 213**

#### **Tölvubókhald**

Undanfari: BÓK 103

Gert er ráð fyrir að nemendur sem hefja nám í þessum áfanga hafi fullt vald á bókhaldshringrásinni, geti hafið bókhald, skráð færslur og lokað bókhaldi samkvæmt reglukerfi tvíhliða bókhalds. Þessi kunnátta er dýpkuð og tölvutæknin notuð til þess að færa bókhald eftir fylgiskjöllum. Farið er yfir þær kröfur sem gerðar eru til tölvubókhaldskerfa og varðveislur gagna sem notuð eru við slíkt bókhald. Nemendur kynnast hvernig mismunandi hlutar bókhaldskerfa vinna saman og hvernig upplýsingar flytjast á milli. Kynntir eru möguleikar á skýrslugerð ásamt túlkun og greiningu upplýsinga. Nemendum er kynnt mikilvægi upplýsingakerfa fyrir stjórnendur í nútíma viðskiptaumhverfi þar sem nákvæmar upplýsingar í rauntíma nýtast þeim til skilvirkrar ákvarðanatöku.

### **BÓK 303**

#### **Ársreikningar**

Undanfari: BÓK 203

Megin hluti áfangans felst í gerð og greiningu ársreikninga. Farið er í lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Áhersla er lögð á uppsetningu rekstrar- og efnahagsreiknings í samræmi við lög um ársreikninga. Farið er í gerð fjárstremisýfirlita, sjóðstremis og fjármagnsstremis. Ársreikningar eru túlkaðir með kennitölum. Nemendum er kynntur mismunur á uppgjöri samkvæmt góðri reikningsskilavenju og uppgjöri samkvæmt skattalögum. Fengist er við áætlanagerð og frávikagreiningu. Æskilegt er að nemendur noti töflureikni við lausn verkefna.

### **HAG 103**

#### **Rekstrarhagfræði I**

Í þessum byrjunar áfanga er fjallað um rekstur fyrirtækja og umhverfi þeirra. Fjallað er um grunnatriði hagfræðinnar og skilgreiningar á mismunandi efnahagsheildum. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist yfirsýn yfir fyrirtæki sem efnahagsheild og hvernig það þrífst í samkeppni við önnur fyrirtæki. Til þess að nemendur öðlist skilning á eðli og uppbyggingu fyrirtækja er farið yfir helstu þætti er varða innra skipulag og ytri aðstæður fyrirtækja. Einnig læra nemendur að flokka atvinnugreinar, kynnast umhverfi og starfsgrundvelli fyrirtækja, stefnumótun og markmiðssetningu, kostnaðargreiningu, aðferðum við útreikning framlegðar og rekstrarjafnvægis og grunnþáttum markaðsfræði. Lögð er áhersla á að nemendur nýti þá þekkingu sem þeir hafa af eigin reynslu í atvinnulífinu, taki dæmi þaðan og beri námsefnið saman við eigin reynslu. Fyrir utan hefðbundin kennslugögn er ætlast til að nemendur geti nýtt sér Netið til upplýsingaöflunar.

### **HAG 203**

#### **Rekstrarhagfræði II**

Undanfari: HAG 103 og STÆ 103

Í áfanganum er farið yfir helstu skilgreiningar á kostnaði og tekjum fyrirtækja. Leitast er við að auka skilning nemenda á viðfangsefnum í rekstri fyrirtækja og veita þjálfun við lausn verkefna. Fjallað er um hagkvæmasta val framleiðsluþátta, framleiðslu- og kostnaðarföll, framlegðarútreikninga og útreikninga á hagkvæmustu framleiðslusamsetningu, framboð, eftirspurn, nytjaföll, teygni og verðmyndun við mismunandi markaðsform. Stór hluti áfangans felst í stærðfræðilegri greiningu á rekstrarhagfræðilegum úrlausnarefnum. Áhersla er lögð á stærðfræðilega nálgun og notkun línurita til að leysa rekstrarhagfræðileg viðfangsefni, svo sem kostnað, tekjumyndun og jafnvægi í rekstri fyrirtækja. Nemendur eru m.a. þjálfaðir í að beita deildun við hámarks hagnaðar.

### **HAG 113**

#### **Þjóðhagfræði I**

Kynnt eru grunnhugtök og meginviðfangsefni hagfræðinnar. Fjallað er um grunneiningar hagkerfisins og samspil þeirra í markaðsþjóðfélagi. Hringrás efnahagslífsins er útskýrð og fjallað um helstu hagstærðir þjóðarbúsins og innbyrðis tengsl þeirra. Meginþættir í efnahagsþróun eru teknir fyrir og hagræn vandamál skoðuð með dæmum úr íslensku efnahagslífi. Kynnt er margvísleg framsetning á hagfræðilegu efni. Nemendur fá þjálfun í að lesa úr línuritum og innsýn í notkun vísitalna, hlutfallareiknings, vegins meðaltals og fleiri algengra aðferða við vinnslu á hagfræðilegum upplýsingum. Áhersla er lögð á að nemendur geti hagnýtt sér Netið til öflunar hagfræðilegra upplýsinga.

### **HAG 213**

#### **Þjóðhagfræði II**

Undanfari: HAG 113 og STÆ 103

Áfanginn miðar að því að auka skilning nemandans á starfsemi þjóðarbúsins og hreyfiöflum efnahagsþróunar. Innra samhengi í hagkerfinu er skýrt með hjálp efnahagshringrásarinnar og með einföldum línuritum. Fjallað er um markmið hagstjórnunar og helstu hagstjórnartæki. Kynntar eru meginstefnur og straumar sem tengjast hagfræði þjóðarbúsins. Fjallað er um markaðskerfið og nokkur grundvallareinkenni þess. Hegðun fyrirtækja í mismunandi samkeppnisformum er skoðuð og fjallað um áhrif fullkominnar og ófullkominnar samkeppni á velferð neytenda. Komið er inn á kenningar um ytri áhrif og markaðsbresti með áherslu á umhverfisvandamál sem skapast af framleiðslu og neyslu í iðnvæddum samfélögum.

**VIÐ 103****Stjórnun**

Farið er yfir grunnhugtök og kenningar í stjórnun. Leitast er við að veita nemendum innsýn í störf stjórnenda og kynna þeim ýmis verkefni sem þeir inna af hendi. Nemendum er kynnt gildi stjórnunar og skipulagningar fyrir einstaklinginn, fyrirtækið og samfélagið. Viðfangsefni áfangans miða meðal annars að því að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í félags- og atvinnulífi.

**VIÐ 113****Markaðsfræði**

Kynnt eru grunnhugtök og meginviðfangsefni markaðsfræðinnar. Áhersla er lögð á að auka skilning nemenda á gildi markaðsstarfs fyrir neytendur, fyrirtæki og samfélagið í heild. Leitast er við að nemendur tileinki sér markaðslega hugsun. Fjallað er um söluráðana og samval þeirra við markaðssetningu. Kynnt eru fyrir nemendum helstu atriði er varða umhverfi fyrirtækja, markaðshlutun, markaðsrannsóknir, markaðsáætlanir og vinnubrögð við markaðssetningu. Æskilegt er að gefa nemendum kost á að kynna vinnubrögðum í markaðssetningu með því að vinna að hagnýtu verkefni á því að sviði.

**VIÐ 123****Fjármál**

Undanfari: STÆ 103

Fjallað er um fjármál einstaklinga og helstu hugtök á sviði fjármála almennt. Áhersla er lögð á þjálfun í útreikningum þar sem telja má að kunnáttan hafi almennt hagnýtt gildi. Fjallað er um markað fyrir helstu tegundir verðbréfa og meginatriði sem varða mat á fjárfestingavalkostum.

**VIÐ 133****Frumkvöðlafræði**

Farið verður í grunnatriði sem hafa verður í huga við stofnun fyrirtækis og til þess að koma vöru eða viðskiptahugmynd á framfæri. Lögð er áhersla á samþættingu námsefnis á sviði viðskiptagreina.

**VIÐ 233****Fyrirtækjasmíðja**

Undanfari: VIÐ 133

Áhersla er lögð á virka þátttöku nemenda sem meðal annars felst í því að stofna, reka og loka fyrirtæki sem byggir á eigin viðskiptahugmynd. Farið verður í grunnatriði sem hafa verður í huga til þess að koma vöru eða viðskiptahugmynd á framfæri. Lögð er áhersla á hópavinnu og að viðskiptahugmynd hópsins sé raunhæf. Nemendur koma sér saman um eina hugmynd (vöru eða þjónustu) og þurfa að fjármagna hana, markaðsetja, framleiða og selja eða veita. Mælt er með heimsóknunum í fyrirtæki og stofnanir.

**VIÐ 143****Viðskiptalögfræði**

Kynnt eru grundvallaratriði íslenskrar stjórnskipunar og réttarkerfis. Áhersla er lögð á kynningu á lögum og reglum sem tengjast viðskiptalífínu. Áfanginn miðar að því að gefa nemendum innsýn í umfang löggjafar á þessu sviði og þekki helstu meginreglur hennar. Stutt umfjöllun um sífja- og erfðarétt.

**Íslenska****Markmið íslenskunáms:**

Nemandi

- þjálfist í lestri fjölbreyttra texta með gagnrýnu hugarfari og tileinki sér jákvætt viðhorf til lestrar
- verði læs á bókmenntatexta af ýmsu tagi, geti greint milli ólíkra gerða bókmennta og kunni skil á helstu hugtökum þar að lútandi og öðlist yfirsýn yfir sögu íslenskra bókmennta og tengsl þeirra við erlendar bókmenntir
- fái tækifæri til að tjá sig frammi fyrir hópi fólks og láta í ljós skoðanir sínar og tilfinningar
- kunni skil á framburði íslensks máls og helstu hugtökum er varða málfræði, málþróun og mállýskur, enn fremur málfar og málvöndun, stíl og stafsetningu
- þjálfist í að skrifa fjölbreytilega texta, ýmist frumsamda, þýdda eða endursagða og þekki helstu hugtök sem varða ritað mál
- geti nýtt sér tölvusamskipti og fræðsluefni í margmiðlunarformi og kunni skil á helstu hugtökum og vinnubrögðum þar að lútandi

**ÍSL 193****Undirbúningsáfangi**

Í þessum áfanga verður viðfangsefnið meðhöndlað út frá óhefðbundnum leiðum og reynt að tengja það daglegu lífi og hagnýtum viðfangsefnum.

**ÍSL 293****Undirbúningsáfangi**

Í þessum áfanga verður viðfangsefnið meðhöndlað út frá óhefðbundnum leiðum og reynt að tengja það daglegu lífi og hagnýtum viðfangsefnum. Markmið áfangans er að nemendur nái sömu kunnáttu og krafist er til grunnskólaprófs.

**ÍSL 102****Læsi, ritun, tjáning og málfraði**

Undanfari: 5 á grunnskólaprófi eða ÍSL 293

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar. Megináhersla er lögð á að skoða ólíka texta frá bókmenntalegu og málfarslegu sjónarmiði, svo sem bókmenntatexta, ýmsa texta sem birtast í dagblöðum, tímaritum, fræðiritum og á netinu. Nemendur fá þjálfun í fjölbreyttri ritun og tjáningu. Þeir læri að meta góða málnotkun og öðlist trú á eigin málhæfni í ræðu og riti.

**ÍSL 103****Læsi, ritun, tjáning, bókmenntir og málfraði**

Undanfari: 7 á grunnskólaprófi

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar. Megináhersla er lögð á að skoða ólíka texta frá bókmenntalegu og málfarslegu sjónarmiði, svo sem bókmenntatexta, ýmsa texta sem birtast í dagblöðum, tímaritum, fræðiritum og á netinu. Nemendur fá þjálfun í fjölbreyttri ritun og tjáningu. Markmiðið er að þeir þjálfu hæfni sína til að beita fræðilegum hugtökum við umfjöllun, rökræður og samanburð ólíkra texta og læri um leið að nýta sér þekkingu sína við eigin textagerð. Þeir læri að meta góða málnotkun og öðlist trú á eigin málhæfni í ræðu og riti. Þeir fá tækifæri til að nota tölvur, handbækur og sem fjölbreyttust hjálpargögn. ÍSL 113 er fyrir nemendur á hraðbraut.

Nemandi sem fellur í ÍSL 103/113 flyst í ÍSL 102 á næstu önn en endurtekur ekki 103/113.

**ÍSL 202****Bókmenntir og málfraði**

Undanfari: ÍSL 102

Megináhersla er lögð á að skoða ólíka texta frá bókmenntalegu og málfarslegu sjónarmiði. Markmiðið er að nemendur þjálfu hæfni sína til að beita fræðilegum hugtökum við umfjöllun, rökræður og samanburð ólíkra texta og læri um leið að nýta sér þekkingu sína við eigin textagerð. Enn fremur fræðast þeir um helstu undirstöðuatriði setninga- og stílfræði. Þeir fá tækifæri til að nota tölvur, handbækur og sem fjölbreyttust hjálpargögn.

**ÍSL 203****Mál- og menningarsaga**

Undanfari: ÍSL 103

Í áfanganum er lögð áhersla á að fjalla um sögu máls og menningar frá frumnorrænum tíma til okkar daga. Nemendur kynnist nokkrum atriðum í sögu íslensks máls frá öndverðu til okkar daga, enn fremur undirstöðuatriðum hljóðfræði, svo sem hljóðmyndun. Þá læri þeir að lesa úr hljóðritunartáknum og kynnist helstu mállýskum á Íslandi. Enn fremur fræðast þeir um helstu undirstöðuatriði setninga- og stílfræði. Þeir kynnist norrænni goðafræði og hugmyndaheimi norrænna manna til forna og helstu aðferðum við meðferð heimilda í ritun. Þá fá þeir tækifæri til að tjá sig í ræðu og riti um efni áfangans og nota tölvu við frágang verkefna.

**ÍSL 212****Mál- og menningarsaga**

Undanfari: ÍSL 202

Í áfanganum er lögð áhersla á að fjalla um sögu máls og menningar frá frumnorrænum tíma til okkar daga. Nemendur kynnist nokkrum atriðum í sögu íslensks máls frá öndverðu til okkar daga, enn fremur undirstöðuatriðum hljóðfræði, svo sem hljóðmyndun. Þá læri þeir að lesa úr hljóðritunartáknum og kynnist helstu mállýskum á Íslandi. Þeir kynnist norrænni goðafræði og hugmyndaheimi norrænna manna til forna og helstu aðferðum við meðferð heimilda í ritun. Þá fá þeir tækifæri til að tjá sig í ræðu og riti um efni áfangans og nota tölvu við frágang verkefna.

**ÍSL 303****Bókmenntir og tungumál frá landnámi til siðaskipta**

Undanfari: ÍSL 203/212

Í áfanganum er lögð áhersla á íslenskar bókmenntir og sögu þeirra frá landnámsöld til siðaskipta. Nemendur fræðast einnig um orðaforða og beygingakerfi fornmáls og öðlast þannig betri skilning á textunum og málfari þeirra. Auk þess tjá þeir sig í ræðu og riti um fornbókmenntir, fá þjálfun í meðferð heimilda og skrifa ritgerð um tiltekið efni með eða án samvinnu við aðrar greinar.

**Ísl 343****Íslensk leikhús og leiklist**

Undanfari: ÍSL 203/212

Markmið áfangans er að gefa nemendum tækifæri til að kynnst leikhúsinu og hvetja til frjórrar umræðu um leikhúsverk; leikmyndir, búninga, ljóshönnun og leikstjórn svo eitthvað sé nefnt. Nemendur fylgjast með leikhúslífinu á önninni með það fyrir augum að þeir öðlist aukinn skilning á leikbókmenntum og leiklist.

**ÍSL 373****Þjóðfræði**

Undanfari: ÍSL 203/212

Fjallað er um íslenska þjóðfræði og nemendum kynntar helstu greinar hennar. Þeir lesa m.a. þjóðkvæði og þjóðsögur og gera jafnframt grein fyrir lestrarreynslu sinni munnlega og skriflega.

#### **ÍSL 383**

#### **Fjölmiðlamál**

Undanfari: ÍSL 203/212

Þýðingar: Nemendur spreyta sig á að þýða mismunandi texta. Markmiðið er einkum að vekja athygli á muninum á orðréttum þýðingum annars vegar og hins vegar þýðingum sem taka fullt tillit til frummerkingar og málfarslögmála íslenskrar tungu.

Málbeiting í fjölmiðlum: Hér verður einkum fengist við könnun dagblaðatexta (fréttir og frásagnir) og nemendur fá þjálfun í að skrifa fréttir, fyrirsagnir og feitletursgreinar. Talsverð áhersla verður einnig lögð á mismun málbeitingar í tali og riti og samband myndar og texta.

#### **ÍSL 403**

#### **Bókmenntir og tungumál frá siðaskiptum til 1900**

Undanfari: ÍSL 303

Í áfanganum er lögð áhersla á tengsl máls, bókmennta og þjóðfélags frá siðaskiptum fram yfir aldamótin 1900. Vakin skal athygli á því hvernig málfar íslenskra bókmennta og bókmenntirnar sjálfar spegla þjóðfélagsaðstæður og menningarlíf, tíðaranda, strauma og stefnur á tímum siðaskipta, lærdómsaldar, upplýsingar, rómantíkur og raunsæis. Nemendur kynnast hugmyndum manna um íslenska tungu og viðleitni þeirra til málhrensunar. Nemendur fá einnig tækifæri til að tjá sig í ræðu og riti um einstök verk og höfunda þeirra.

#### **ÍSL 503**

#### **Bókmenntir frá 1900**

Undanfari: ÍSL 403

Í áfanganum kynnast nemendur íslenskri bókmenntasögu 20. aldar í samhengi við strauma og stefnur í þjóðfélags- og menningarmálum bæði hérlendis og erlendis á sama tímasteiði. Nemendur kynnast helstu höfundum á þessum tíma, lesa verk eftir þá, glöggva sig á inntaki bókmenntaverkanna og reyna að átta sig á erindi þeirra við eigin samtíma og nútímann. Nemendur gera grein fyrir lestrarreynslu sinni munnlega og skriflega með sérstöku tilliti til mismunandi stíls ólíkra höfunda.

#### **ÍSL 572**

#### **Afþreyingarbókmenntir**

Undanfari: ÍSL 203/212

Fjallað verður um eðli og hlutverk afþreyingarbókmennta og þjóðfélagslegar forsendur þeirra. Nemendur lesa ýmis verk og gera jafnframt grein fyrir lestrarreynslu sinni munnlega og skriflega.

#### **ÍSL 582/583 (var 672)**

#### **Yndislestur**

Undanfari: ÍSL 203/212

Um er að ræða próflausan áfanga án tímasóknar. Nemendur lesa nokkur valin skáldverk eftir íslenska höfunda og úrvalspýðingar erlendra verka undir handleiðslu kennara. Nemandi og kennari hafa samráð um val á verkefnum. Á námstímanum gera nemendur kennaranum grein fyrir lestrinum munnlega og með skriflegum verkefnum. Áfanginn gefur tvær eða þrjár einingar eftir því hve mörgum verkefnum nemandi skilar með fullnægjandi hætti.

#### **ÍSL 603**

#### **Íslensk og almenn málvísindi**

Undanfari: 15 eininga kjarni í íslensku

Í áfanganum eru rifjuð upp megineinkenni íslenska hljóðkerfisins og íslenskrar setningagerðar með það fyrir augum að nemendur geti nýtt sér þessa þekkingu við samanburð íslensku og þeirra erlendu mála sem þeir leggja stund á. Í áfanganum eru einnig skoðuð einstök atriði íslenskrar málsögu. Þessi áfangi er skylda hjá máladeild.

#### **ÍSL 633**

#### **Mál og menningarheimur barna og ungmenna**

Undanfari: 15 eininga kjarni í íslensku eða ÍSL 203/212

Í áfanganum kynnast nemendur sögu og þróun íslenskra barna- og unglingsbókmennta og fræðast um mál og menningarheim barna: máltöku barna, málþroska og ritun barna. Þeir fá þjálfun í lestri fræðigreina um efnið og gera grein fyrir lestrarreynslu sinni munnlega og skriflega.

#### **ÍSL 683**

#### **Leiðsögn um landið**

Undanfari: 15 eininga kjarni í íslensku

Í áfanganum munu nemendur flétta saman íslenskum bókmenntum og náttúru við áningarstaði ferðamanna á Íslandi. Megináherslan verður lögð á íslenskt efni, s.s. skáldsögur, ljóð, handbækur og ritverk um náttúru Íslands. Nemendur lesa efni af margvíslegu tagi og vinna út frá þeim fjölbreytt verkefni, t.d. kynningar, bæði munnlegar og skriflegar um land og þjóð og farið verður í a.m.k. eina dagsferð þar sem nemendur fá að spreyta sig á leiðsögn.

#### **NÁM 193/173**

Markmið: Þessi áfangi er ætlaður þeim nemendum sem fengið hafa dyslexíugreiningu. Áhersla verður lögð á að þeir öðlist skilning á í hverju vandi þeirra er fólgin og fái viðurkenningu á því að orsök hans

sé hvorki leti né greindarskortur. Reynt verður því að styrkja sjálfstraust þeirra og sjálfsöryggi og aðstoða þá við að sýna hvað í þeim býr.

Samkvæmt skipulagi skiptist kennslan í tvo aðskilda þætti. Í öðrum hluta (2 klst. á viku) er lögð áhersla á þjálfun í lestri og meðferð móðurmálsins en í hinum (2 klst. á viku) er lögð áhersla á skilning nemandans á eigin vanda, sjálfsstyrkingu og námstækni.

## Íþróttافرæði

### Markmið íþróttافرæðináms:

Nemandi

- geti tekið þátt í fjölbreyttri upphitun og sérhæfðri þolþjálfun íþróttagreina, kraftþjálfun, liðleikaæfingum, tækniæfingum, skyndihjálpi og áætlanagerð
- læri um hlutverk þjálfara í íþróttum, þekki helstu þjálfunaraðferðir, vöðvahópa, liðamót og lögmál hreyfifræði og orkuþörf, orkuneyslu og starfsemi líffærakerfa
- þekki uppbyggingu frjálsra félagasamtaka, þjálfist í framsögn og fundarstjórn og þekki mikilvægi íþróttasálfræði við íþróttþjálfun og keppni
- læri um sögu íþróttar, Ólympíuleika, forvarnastarf og tengsl fjölmiðla og fjármagns við íþróttir
- þjálfist í að kenna knatttækni og kennslu leikfræðinnar, læri að nota flautu og geti dæmt í helstu íþróttagreinum
- læri um muninn á þjálfun barna og fullorðinna

### ÍþF 102

#### Þjálfun barna og unglunga

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemandur læri um hlutverk þjálfara og leiðbeinenda í íþróttastarfi, sérstaklega við þjálfun barna á aldrinum þriggja til tólf ára. Lögð er áhersla á skipulag þjálfunar, áætlanagerð og markmiðssetningu. Nemandur fá undirstöðubekkingu í kennslu- og aðferðafræði íþróttar og hvernig skuli bregðast við íþróttameiðslum. Fjallað er um mataræði íþróttamanna og áhrif fíkniefna á afkastagetu og árangur. Áfanginn er bóklegur. Nemandur fá þjálfun í áætlanagerð.

### ÍþF 132

#### Grunnatriði líkamspjálfunar og æfingaáætlana

Undanfari : ÍþR202 eða AFX101

Áfanginn er eingöngu ætlaður nemendum sem stunda líkamlega þjálfun á öðrum vettvangi. Í áfanganum er fjallað um undirstöðubekkingu í þjálfun, hvernig líkaminn vinnur og uppbyggingu á eigin þjálfun. Fjallað er um helstu líffræðilegar forsendur þjálfunar, um starfsemi vöðva, liða, tauga og blóðrásar, um gildi reglulegrar og skipulagðrar líkamspjálfunar og fræðilega þætti tengda skipulagi þjálfunar. Hverjir eru helstu þættir þjálfunar, upphitun, uppbygging á þoli, styrk og liðleika. Lífstíll í íþróttum, fjölbreytni í þjálfun og forvarnir. Fjallað er um líkamsbeitingu og grunnatriði í skyndihjálpi.

### ÍþF 202

#### Líffæra- og hreyfifræði

Undanfari: ÍþF 102

Í áfanganum sem er að hluta til verklegur verður fjallað um starfsemi mannlíkamans með áherslu á bein og vöðva. Sérstök áhersla verður lögð á þau líffæri og líffærakerfi sem tengjast hreyfingum mannlíkamans. Fjallað verður um bein, bönd og liðamót, liðfleti og liðþoka. Einnig verður fjallað um hreyfingu í liðamótum og stefnu hreyfinga. Fjallað verður um einstaka vöðva, upptök þeirra, festu og starf. Fjallað er um hugtök og grundvallaratriði hreyfifræðinnar og komið inn á tækni íþróttagreina. Áfanginn byggir að stórum hluta á starfrænni hreyfifræði, þ.e. hvernig vöðvar, bein og liðamót líkamans koma við sögu í fjölbreyttum hreyfingum. Nemandur verða látnir gera æfingar með og án áhaldar til að auka skilning þeirra á því hvernig ákveðnar hreyfingar verða til í íþróttum. Enn fremur er fjallað um rétta lyftitækni, starfsstillingar og hreyfingar við vinnu.

### ÍþF 222

#### Íþróttasálfræði

Undanfari: ÍþF 102

Í áfanganum verður fjallað um helstu þætti íþróttasálfræðinnar. Skoðuð verða ýmis áreiti sem áhrif hafa á afreksgetu íþróttamanna. Enn fremur fjallar áfanginn um virkni og helstu atriði sem valda virkni, spennuvalda, slökun og hugrækt af ýmsu tagi. Skoðuð verður hvernig vinna má með sjálfstraust og sjálfsmynd íþróttamannsins í því skyni að bæta árangur. Fjallað verður um muninn á einstaklings- og hópíþróttum og farið í áhrif félagslegra þátta á íþróttamanninn.

### ÍþF 232

#### Íþróttir og samfélag

Undanfari: ÍþF 102

Í þessum áfanga er farið yfir helstu atriði í íslenskri íþróttasögu. Auk þess er komið inn á helstu þætti í erlendri íþróttasögu, með tilliti til Ólympíuleika og ýmsar greinar íþróttar. Fjallað er um gildi íþróttar og menningarþátt í nútímasamfélagi. Komið er inn á félagslegar rannsóknir á sviði íþróttar hér á landi, áhrif fjölmiðla á þróun íþróttar, kynjamun og íþróttaiðkun og tengingu fjármagns og auglýsinga við

Íþróttir. Fjallað er um stefnur í íþróttum, í tengslum við afreksmannastefnu íþróttahreyfingarinnar og afreksmannasjóð. Vikið er að skipulagningu íþróttahreyfingarinnar og uppbyggingu, bæði hérlendis og erlendis.

#### ÍþF 242

#### Næringarfræði

Undanfari: ÍþF 102

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist þekkingu á grundvallaratriðum næringarfræðinnar og samspili næringar, heilsu og íþróttaiðkunar. Fjallað er um næringarþörf mannsins, næringargildi og samsetningu helstu matvara. Farið verður í uppbyggingu og samsetningu próteins, fitu og kolvetna. Fjallað um vatn, vítamín og steinefni og gerð grein fyrir gildi þessara efna í fæðunni. Matseðlar metnir og samdir og reiknað næringargildi út frá töflum. Fjallað er um áhrif matreiðsluáðferða á næringargildi.

#### ÍþF 302

#### Þjálffræði

Undanfari: ÍþF 102

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur læri um starfsemi hjarta og blóðrásarkerfis, lungna og taugakerfis og áhrif markvissrar þjálfunar á þessi líffærakerfi. Einnig verður fjallað um gerð vöðvaþráða og áhrif mismunandi þjálfunar á starfsemi þeirra. Sérstök áhersla verður lögð á að tengja lífeðlisfræði við íþróttaiðkun. Í áfanganum verður fjallað um þol, kraft, hraða og liðleika. Farið verður yfir kannanir tengdar þrekþáttum. Komið er inn á tækni og tækniþjálfun íþróttamanna. Nemendur fræðast um skipulag þjálfunar íþróttamanna og mikilvægi markmiðssetningar í tengslum við áætlanagerð. Áfanginn er bæði bóklegur og verklegur.

## Íþróttagreinar

Til að nám í íþróttagreini fái viðurkenningu hjá ÍSÍ þarf að taka ÍþF 102 sem undanfara. Áfangarnir eru bóklegir og verklegir.

### Markmið íþróttá/íþróttagreina

Nemandi

- þjálfist í undirstöðuatriðum helstu íþróttagreina sem hér á landi eru stundaðar
- læri að greina íþróttagreinar sundur í leikrænar kennsluæfingar, leikæfingar
- læri að kenna tækniatriði þeirra íþróttagreina sem valdar eru
- læri helstu leikfræðiatriði þeirra íþróttagreina sem teknar eru fyrir
- læri og geti beitt leikreglum viðkomandi íþróttagreina sem teknar eru fyrir í náminu.

#### ÍþG 102

#### Handknattleikur

Undanfari eða samhlíða: ÍþF 132

Í áfanganum eiga nemendur að læra að kenna börnum og unglíngum undirstöðuatriði handknattleiks. Lögð er áhersla á kennslu knatttækni og leikfræði fyrir byrjendur. Stefnt er að því að nemendur öðlist ákveðna grundvallarfærni í greininni. Farið er yfir helstu atriði í þjálffræði barna og mikilvægi þess að leikurinn sé greindur sundur í smáar einingar, leikæfingar. Áfanginn er bóklegur og verklegur. Nemendur þjálfist í kennslu handknattleiks.

#### ÍþG 112

#### Knattspyrna

Undanfari eða samhlíða: ÍþF 132

Í áfanganum eiga nemendur að læra að kenna börnum og unglíngum undirstöðuatriði í knattspyrnu. Lögð er áhersla á kennslu knatttækni og leikfræði fyrir byrjendur. Stefnt er að því að nemendur öðlist ákveðna grundvallarfærni í greininni. Farið er yfir helstu atriði í þjálffræði barna og mikilvægi þess að leikurinn sé greindur sundur í smáar einingar, leikæfingar. Nemendur þjálfist í kennslu knattspyrnu. Áfanginn er bóklegur og verklegur.

#### ÍþG 132

#### Körfuknattleikur

Undanfari eða samhlíða: ÍþF 132

Í áfanganum eiga nemendur að læra að kenna börnum og unglíngum undirstöðuatriði körfuknattleiks. Lögð er áhersla á kennslu knatttækni og leikfræði fyrir byrjendur. Stefnt er að því að nemendur öðlist ákveðna grundvallarfærni í greininni. Farið er yfir helstu atriði í þjálffræði barna og mikilvægi þess að leikurinn sé greindur sundur í smáar einingar, leikæfingar. Áfanginn er bóklegur og verklegur. Nemendur þjálfist í kennslu körfuknattleiks.

#### ÍþG 142

#### Frjálsíþróttir

Undanfari eða samhlíða: ÍþF 132

Í áfanganum eiga nemendur að læra að kenna börnum og unglíngum undirstöðuatriði frjálsíþróttá. Lögð er áhersla á kennslu í helstu greinum frjálsíþróttá, hlaupum, stökkum og köstum. Stefnt er að því að nemendur öðlist ákveðna grundvallarfærni í helstu greinum frjálsíþróttá. Farið er yfir helstu atriði í

Þjálfraði barna og mikilvægi þess að íþróttagreinin sé kennd og byggð upp á leikrænan hátt. Áfanginn er bóklegur og verklegur. Nemendur þjálfist í kennslu frjálsíþróttá.

**ÍÞG 152 Blak**

Undanfari eða samhliða: ÍÞF 132

Í áfanganum eiga nemendur að læra að kenna börnum og unglingum undirstöðuatriði í blaki. Lögð er áhersla á kennslu knatttækni og leikfræði fyrir byrjendur. Stefnt er að því að nemendur öðlist ákveðna grundvallarfærni í greininni. Farið er yfir helstu atriði í þjálfraði barna og mikilvægi þess að leikurinn sé greindur sundur í smáar einingar, leikæfingar. Áfanginn er bóklegur og verklegur. Nemendur þjálfist í kennslu blaks.

**ÍÞG 162 Badminton (hnit)**

Undanfari eða samhliða: ÍÞF 132

Í áfanganum eiga nemendur að læra að kenna börnum og unglingum undirstöðuatriði í badminton. Lögð er áhersla á tæknikennslu, kennslu í leikfræði og reglum einliða- og tvíliðaleiks. Stefnt er að því að nemendur öðlist ákveðna grundvallarfærni í greininni. Farið er yfir helstu atriði í þjálfraði barna og mikilvægi þess að leikurinn sé kenndur á leikrænan og skemmtilegan hátt. Áfanginn er bóklegur og verklegur. Nemendur þjálfist í kennslu badminton (hnits).

## Íþróttameiðsl og skyndihjálp

**ÍÞM101 Íþróttameiðsl**

Námskeið kennt utan stundatöflu.

**SKY101 Skyndihjálp**

Námskeið á vegum Rauða krossins metið til eininga.

## Íþróttir

### Markmið íþróttá:

Nemandi

- fái þjálfun í almennri líkams- og heilsurækt
- fræðist um markvissa uppbyggingu líkama og heilsu
- fær valmöguleika um hvernig íþróttir hann stundar eftir 4 annir

**ÍÞR 102 Almenn líkamspjálfun**

Farið er yfir ýmsar aðferðir til líkamspjálfunar. Áhersla lögð á aukið þol, styrk og liðleika.

**ÍÞR 202 Almenn líkamspjálfun**

Undanfari: ÍÞR 102

Áfanginn er eingöngu verklegur og eiga nemendur að glíma við fjölbreytt verkefni sem snúa að alhliða hreyfingu.

**ÍÞR 302 Knattleikir**

Undanfarl: ÍÞF132

Lögð er áhersla á almenna upphitun og farið í grunnatriði í öllum knattleikjum.

**ÍÞR 312 Gönguhópur**

Undanfarl: ÍÞF132

Gönguhópur. Áfanginn er kenndur í lotum og áætlun gerð í samráði við hópinn.

**ÍÞR 322 Trimm**

Undanfarl: ÍÞF132

Lögð er áhersla á útihlaup,, lyftingar og ýmsar æfingar í sal. Ætlast er til að nemendur sýni sjálfstæði að nokkru leyti og vinni sjálfir.

## Íþróttir - starfsnám

### Markmið starfsnáms:

Nemandi

- fái þjálfun í að skipuleggja æfingastund hjá börnum sem stunda íþróttir
- fái þjálfun í að aðstoða við störf og kennslu í íþróttaskóla eða leikjanámskeiðum
- fái innsýn í þjálfara- og stjórnunarstarf hjá íþróttafélagi
- þjálfist í að gera áætlun til lengri eða skemmri tíma
- geti nýtt sér upplýsingatækni við skipulag þjálfunar

**ÍÞS 102 Starfsnám – þjálfun 3 – 5 ára barna**

Undanfari: ÍÞF 102 og ÍÞG XX2

Þessi áfangi er hugsaður sem undirbúningur fyrir þjálfun barna á aldrinum 3-5 ára. Starfið getur verið tengt fjölbreyttri þjálfun í íþróttagrein hjá íþróttafélagi eða starf í íþróttá- og frístundaskóla

íþróttafélags eða leikskóla. Nemandinn verður látinn setja upp æfingaáætlun með íþróttakennara/þjálfara og kenna eftir þeirri áætlun. Æfingaáætlunin og kennsla metin í lok æfingakennslutímabils.

#### **ÍPS 112**

#### **Starfsnám – þjálfun 6 – 9 ára barna**

Undanfari: ÍPF 102 og ÍPG XX2

Þessi áfangi er hugsaður sem undirbúningur fyrir þjálfun barna á aldrinum 6-9 ára hjá íþróttafélögum eða í íþróttaskóla/frístundaskóla fyrir sama aldurshóp. Starfið getur verið tengt fjölbreyttri þjálfun í íþróttagrein hjá íþróttafélagi, ýmsum félagasamtökum eða starf í íþrótt- og frístundaskóla íþróttafélags eða grunnskóla. Nemandinn mun setja upp æfingaáætlun og þjálfu/kenna með íþróttakennara eða þjálfara. Æfingaáætlun og kennsla metin í lok æfingakennslutímabils.

#### **ÍPS 122**

#### **Starfsnám – þjálfun 10 – 12 ára barna**

Undanfari: ÍPF 102 og ÍPG XX2

Þessi áfangi er hugsaður sem undirbúningur fyrir þjálfun barna á aldrinum 10-12 ára. Starfið getur verið tengt fjölbreyttri þjálfun í íþróttagrein hjá íþróttafélagi eða starf í íþrótt- og frístundaskóla íþróttafélags, hjá ýmsum félagasamtökum eða grunnskóla. Nemandi mun setja upp æfingaáætlun og þjálfu/kenna með íþróttakennara eða þjálfara. Æfingaáætlun og kennsla metin í lok æfingakennslutímabils.

## **Afrekspjálfun**

**Afrekspjálfun eftir greinum (AFX)** Áfangar sem nemendur stunda með sínu félagi.

**AFX101-801** (8 áfangar)

Almenn tækniþjálfun og leikskilningur.

**Líkamsstyrkur og lyftingar (LSL)** Áfangar sem nemendur stunda með sínu félagi.

**LSL101-801** (8 áfangar)

## **Jarðfræði**

**Markmið jarðfræðináms:**

Nemandi

- eigi auðvelt með að nýta sér ýmsar handbækur og skilji betur fréttir um jarðfræðileg fyrirbrigði og geti beitt algengustu hugtökum og heitum í jarðfræði
- geri sér grein fyrir jarðsögunni, þróun lífs á jörðinni og tilurð Íslands
- geti útskýrt myndun ýmissa landsvæða af völdum innrænna og útrænna aflu
- geri sér grein fyrir grundvallarþáttum sem stýra hreyfingum og efnasamsetningu lofts og sjávar
- geri sér grein fyrir uppbyggingu sólkerfisins og alheimsins

**Jar103:**

#### **Almenn jarðfræði -Útræn öfl**

Undanfari: Enginn

Fjallað er um kortagerð og sólkerfið. Farið í innri gerð jarðar, flekakenninguna og tilurð Íslands. Útrænum öflum gerð góð skil. Fjallað um jarðhita. Áhersla er lögð á útræn öfl og mótun landslags af þeirra völdum.

**JAR143/SAG143**

#### **Samstarf við Tornbjerg Gymnasium**

Samstarfsverkefni háð fjárveitingum. Getur verið félagsfræðirannsókn...Líðan ungs fólks í skólunum; sögu og enskuverkefni – Endurminningar eldra fólks tengdar sameiginlegum atburðum landanna; orka og orkulindir í báðum löndum – hugsanlega í samvinnu við dönsku/félagsfræði; ævintýraminni – skapandi skrif – tungumálin; viðskiptalíf – viðskipti, kreppa, staða Íslands. Nemendaskipti. Heilsársáfangi.

**Jar203:**

#### **Almenn jarðfræði -Innræn öfl**

Undanfari: Jar103 (eða Nát113 ef lokið á vorönn 2010 eða fyrr) Flekakenningin rifjuð upp. Fjallað er um innræn öfl, eldgos og jarðskjálfta. Uppruni og jarðsaga Íslands tekin fyrir. Farið í helstu bergmyndanir, flokkun storkubergs og greiningu steinda. Áhersla er lögð á innræn öfl og mótun landslags af þeirra völdum.

**Jar303:**

#### **Jarðsagan -Verkefnaáfangi**

Undanfari: Jar203 (eða Jar103 ef lokið á vorönn 2010 eða fyrr) Í áfanganum er farið yfir jarðsöguna, aldursákvarðanir og þróun lífríkisins. Að hluta til er þetta verkefnaáfangi í jarðfræði. Nemandur vinna að ýmsum verkefnum eftir því hvað er efst á baugi í jarðfræði hverju sinni og áhugasviðs hvers og eins.

**JAR 113**

#### **Stjörnufraði**

Undanfari EFN103 eða NÁT123

Hve gamall er heimurinn? Hvernig varð hann til, hvernig þróaðist hann og hvers vegna er hann eins og hann er núna? Í þessum áfanga eru nær engir útreikningar, en við lærum um stjörnur, stjörnuþokurnar, sólkerfin, pláneturnar, svarthol, tífstjörnur og mörg þau furðulegu fyrirbæri sem leynast í veröldinni. Nemendur stunda námið mestmegnis á alnetinu, safna sjálfir þeim fróðleik sem síðan er notaður sem námsefni. Mikil áhersla á verkefnavinnu og samstarf. Hentar jafnt nemendum á öllum brautum.

## Landafræði

**Markmið landafræðináms:**

Nemandi

- geri sér grein fyrir nokkrum gerðum landakorta og geti notað þau sér til gagns
- þrói með sér skilning á því hvort og hvernig náttúruauðlindir eru forsendur fyrir atvinnulífi
- öðlist skilning á og innsýn inn í málefni er tengjast þróun fólksfjölda á Íslandi og jörðinni í heild
- æfist í að beita gagnrýninni og skapandi hugsun á þá námsþætti sem unnið er með

**LAN 103**

**Almenn landafræði**

Í áfanganum er fræðigreinin skilgreind og tengsl hennar við aðrar fræðigreinar. Kynnt helstu tæki landfræðinga, kort og loftmyndir – fjarkönnun. Skipulag svæða og nýting auðlinda. Fjallað um fólksfjöldbreytingar í tímans rás og framtíðarhorfur um fjölgun mannkyns, fólksflutninga og breytingar á búsetu – borgarvæðingu.

## Líffræði

**Markmið líffræðináms:**

Nemandi

- þekki helstu atriði lífeðlisfræði, vistfræði, erfðafræði og fleiri undirgreina líffræðinnar
- nái færni í að beita vísindalegum vinnubrögðum við lausnir líffræðilegra viðfangsefna
- nái leikni við meðferð nokkurra lykilverkfæra sem notuð eru við líffræðilegar rannsóknir
- nýti sér samskipta- og upplýsingatækni við lausnir líffræðilegra verkefna
- skilji starfsemi líkama síns og annarra lífvera
- skilji samhengi lífvera og umhverfis þeirra, nauðsyn á sjálfbærri nýtingu auðlinda náttúrunnar og þörf á verndun fjölbreytileika hennar

**LÍF103**

**Lífeðlisfræði**

Undanfari EFN103

Fjallað er um líkamsstarfsemi dýra og plantna. Farið er í frumulíffræði, boðflutning og samvægi. Áhersla er á mannlíkaman og þau líffærakerfi sem farið í eru m.a. innkirtla-, hringrásar-, öndunar- og þvagkerfið. Heilbrigð starfsemi er lögð til grundvallar en einnig algengustu frávik. Verklegar æfingar eru reglulega og farið í heimsóknir.

**LÍF203**

**Lífeðlisfræði**

Undanfari LÍF103

Fjallað er um líkamsstarfsemi dýra og plantna í framhaldi af LÍF103. Áhersla er á mannlíkaman og þau líffærakerfi sem farið í eru meltingar-, tauga-, æxlunar-, stoð- og vöðvakerfið. Einnig er farið í skynjun og stjórn efnaskipta m.t.t. samvægis.

Heilbrigð starfsemi er lögð til grundvallar en einnig algengustu frávik.

Verklegar æfingar eru reglulega.

**LÍF113**

**Vistfræði og umhverfisfræði**

Undanfari LÍF103

Veitt er yfirsýn yfir vistfræði, aðferðir og viðfangsefni. Sérstök áhersla er lögð á sérstöðu Íslands, vistkerfi lands og sjávar, fjölbreytileika, stofna og framvindu. Umhverfisfræði, maðurinn og áhrif hans á náttúruna fléttast inn í umfjöllunina. Fjöldi íslenskra rannsóknastofnanna er kynntur. Nemendur gera m.a. vefleiðangra tileinkaða vötnum, sjó, gróðri, fjörum, fuglum og spendýrum.

Verklegar æfingar og ferðir í hópum og eigin vegum.

**LÍF123**

**Líkams- og lífeðlisfræði mannsins**

Markmið eru að nemendur þekki vel til starfsemi og byggingu (anatómíu); beinabyggingar manna, byggingu og starfsemi vöðvakerfis manna, sér í lagi ráköttra vöðva, byggingu æðakerfis manna, byggingu taugakerfis manna.

Unnið verður með líkön, teikningar, myndir og munnlega færni.

#### **LÍF303 Erfðafræði**

Undanfari LÍF203

Fjallað er um lykilatriði erfðafræðinnar, frumuskiptingu, litninga og gen. Erfðamynstur lífvera eru skoðað ásamt stjórn erfðaefnisins á próteinmyndun. Stökkbreytingar, stofnerfðafræði og þróun eru einnig umfjöllunarefni.

#### **LÍF403 Verkefnaáfangi**

Undanfari LÍF303

Samþætting þekkingar og færni nemenda í líffræði, aðferðum hennar og viðfangsefnum.

Nemandinn skrifar ritgerð um sérsvið innan raungreina eða vinnur verkefni sem felur í sér notkun vísindalegra vinnubragða.

## **Lífsleikni**

### **Markmið lífsleiknináms:**

Nemandi

- þekki og geti nýtt sér námsframboð og námsleiðir skólans á sem árangursríkastan hátt
- læri árangursríkar vinnuaðferðir við nám í framhaldsskóla
- þekki og geti nýtt sér ýmsa félagsstarfsemi og aðra nemendaþjónustu sem er í boði innan skólans
- þekki hvaða þjónusta stendur til boða í skólanum (umsjónarkennari, námsráðgjafi, forvarnafulltrúi og bókasafn) og viti hvar hana er að finna
- fái fræðslu um fíkniefni og taki ábyrga afstöðu til þeirra
- öðlist færni í að takast á við hið daglega líf með því að efla sjálfsvitund, félagsþroska og samfélagslega ábyrgð
- verði ábyrgur neytandi í flóknu og margbreytilegu samfélagi
- velti fyrir sér stöðu sinni sem einstaklings í samhengi við manngert og náttúrulegt umhverfi
- þjálfist í að kynna hugðarefni sín og tjá og fylgja eftir skoðunum sínum fyrir framan hóp

#### **UMS 101/111/191/291/ Umsjón**

Umsjónarkennari hvers hóps nýnema hefur yfirumsjón með áfanganum. Í upphafi er farið í hópefli og unnið að því að styrkja samkennd nemenda. Megináhersla er lögð á að kynna skólann, áfangakerfið, umsjónarkerfið, mætingakerfið, félagslífið og fleira sem tilheyrir skólanum. Sú þjónusta, sem skólinn veitir, er kynnt og lögð áhersla á að nemendur geti nýtt sér hana. Einnig er kennd námstækni og nemendur hvattir til að nýta sér árangursrík vinnubrögð við námið. Í þessum áfanga er unnið að forvörnum og koma þar að aðilar bæði utan og innan skólans.

#### **LKN 112/192/122 Lífsleikni**

Unnið er að því að efla hjá nemendum þætti eins og sjálfsvitund, samskipti, samhygð, tjáningu, siðfræði, hvernig tekst er á við tilfinningar og álag og streitu, hvernig taka á ákvarðanir og hvernig leysa má mál sem upp koma í daglegu lífi. Einnig eru nemendur hvattir til skapandi og gagnrýnnar hugsunar og að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Fjallað er um samspil einstaklings, manngerðs og náttúrulegs umhverfis. Þetta er m.a. gert með því að nota dæmi úr samfélaginu og daglegu lífi. Þá fjalla gestafyrirlesarar um einstök efni.

#### **LOK 171 Ætlað nemendum sem eru að ljúka stúdentsprófi.**

Markmið:

- Að verðandi stúdentar í Flensborgarskóla myndi hóp til að undirbúa dimmissjón og útskrift.
- Að auka sjálfþekkingu nemenda og undirbúa þá fyrir frekar náms- og starfsval.
- Nemendur fá tækifæri til að taka áhugasviðspróf og fá mikilvægar upplýsingar varðandi nám og störf í framtíðinni.

Í áfanganum fá nemendur ýmiskonar fræðslu og kynningar um framhaldsnám, atvinnulífið, atvinnuumsóknir o.fl. Nemendum stendur til boða að taka áhugasviðsgreiningu og fjallað er um þætti eins og starfsval, starfsferil, hæfileika, gildismat o.fl. Nemendur fá tíma til að undirbúa og skipuleggja dimmissjón og útskrift. Námið fer að mestu fram með hópvinnu, kynningum og umræðum.

#### **HMN192/HMNXXX Heimanámsstuðningur**

Stuðningur við nemendur. Ath. hægt er að sækja um áfangann en valið er hverjir fá þessa eftirsóttu þjónustu.

## Matreiðsla

### Markmið matreiðslunáms, verklegt:

Nemandi

- kynnist undirstöðuatríðum matreiðslu og eflni færni sína í viðurkenndum matreiðsluaðferðum
- þjálfist í skipulagi og notkun áhaldna og tækja í eldhúsi
- kynnist mismunandi hráefni og læri að undirbúa og matreiða úr því
- viti um helstu áhættuþætti og mikilvægi rétttrar meðhöndlunar matvæla til að fyrirbyggja matarsýkingar
- læri mikilvægi persónulegs hreinlætis við meðhöndlun matvæla
- geri sér grein fyrir að val og rétt meðferð hollra fæðutegunda stuðlar að heilbrigði einstaklingsins

### Markmið matreiðslunáms, bóklegt:

Nemandi

- læri að umreikna uppskriftir með tilliti til breytilegs fjölda matargesta
- læri að reikna út rýrnun hráefnis við undirbúning matreiðslu og við matreiðsluna sjálfa
- kynnist helstu atriðum við gerð matseðla og geti gert einfaldan matseðil
- skilji og geri sér grein fyrir þeim áhættuþáttum er varða örverur t.d. baktería og myglusveppa

### MAT 193/173

Námsþættir:

Námið skiptist í verklegt nám 3 klst. á viku og bóklegt 1 klst. á viku.

Hagnýtt nám fyrir þá sem vilja öðlast aukin tök og þekkingu á meðferð matvæla, samsetningu þeirra ásamt þjálfun í matreiðsluaðferðum. Matreiðdir eru réttir frá ýmsum löndum í finni kantinum, áþekkir þeim sem matreiðdir eru á veitingahúsum. Matreiðdir eru fjölbreyttir smáréttir, forréttir, kjöt og fiskréttir, eftirrættir, brauð og kökur. Nemendur semja matseðil og matreiða eftir honum í gestaboði í lok annar.

### MAT 273

#### Eldað á stuttum tíma

Námsþættir:

Námið er verklegt nám 2x2 klst á viku.

Markmið áfangans að nemandi læri að undirbúa og matreiða úr hráefni á stuttum tíma.

Hagnýtt nám til að öðlast aukin tök og þekkingu í að matreiða á stuttum tíma, meðferð matvæla, samsetningu þeirra ásamt þjálfun í matreiðsluaðferðum. Matreiðdir eru fljótlegir og næringarríkir réttir frá ýmsum löndum. Markmiðið er að gera nemendur færa í að matreiða á fljótleган hátt í stað þess að kaupa tilbúna rétti. Áfanginn er kenndur í hádeginu. Nemendur undirbúa máltíð, matreiða, leggja á borð, snæða og ganga frá.

## Myndlist

### Markmið myndlistarnáms:

Nemandi

- öðlist skilning á undirstöðupáttum myndlistar
- öðlist þjálfun í ólíkum tæknaaðferðum og faglegum vinnubrögðum
- átti sig á tengslum myndlistar við aðrar listgreinar
- geri sér grein fyrir ákveðnu ferli hönnunar
- skynji mikilvægi lista í allri menntun okkar og menningu

### MYN 173

#### Myndlist 1

Í áfanganum verður farið í lita- og formfræði, fríhendingsteikningu, ásamt meðferð olíu- og akríllita. Nemendur teikni, hanni og móti hluti úr leir. Ýmsar aðferðir í grafík kynntar, t.d. dúkrista, trérista eða þurrnál, þrykkt í mörgum litum. Nemendur hagnýti sér skissubækur við hugmyndavinnu. Kynntir eru straumar og stefnur í listum í tengslum við námið. Nemendur kynni sér listheiminn í gegnum Netið. Einnig er farið á söfn og sýningar.

### MYN 273

#### Myndlist 2

Undanfari: MYN 173

Aukin áhersla á teikningu, lita- og formfræði ásamt grafík, málun og mótun. Verkefni eru unnin á fjölbreyttan máta með ýmsum aðferðum. Nemandinn á að geta nýtt sér tækni og þekkingu á myndrænan hátt. Einnig að nota skissubækur í tengslum við hugmyndavinnu. Farið er á söfn og sýningar í gegnum Netið og unnin listasöguleg verkefni út frá þeim.

# Náttúrufræði- fyrir aðrar brautir en náttúrufræðibraut!

## Markmið náms í náttúrufræðum:

Nemandi

- styrki þekkingu sína á helstu sviðum náttúrufræða
- efli færni sína við að beita vísindalegri hugsun og vinnubrögðum
- nýti sér upplýsinga- og samskiptatækni við lausnir vísindalegra verkefna
- þroski lífsýn sem byggist á skilningi á umhverfi sínu og líkama

## NÁT 103

### Líffræði

Í kjarna á öðrum brautum en náttúrufræðibraut. Þeir nemendur sem ekki ná 6 í náttúrufræði grunnskólans taka NÁT103 sem inngang að náttúrufræðibraut.

Áfanganum er ætlað að spanna helstu viðfangsefni líffræðinnar frá frumum og einstaklingum til ytra umhverfis. Fjallað er um

- mannlíkamann, heilbrigðan lífstíl og næringu,
- bakteríur og veirur með áherslu á sjúkdóma m.a. kynsjúkdóma,
- erfðafærði, stökkbreytingar og krabbamein,
- fjölbreytileika lífvera og sérkenni íslenskrar náttúru

Teknir eru fyrir ýmsir grundvallarþættir lifandi náttúru, sameinkenni lífvera og vistfræði með sérstakri áherslu á íslensk sérkenni. Verklegar æfingar eru reglulega.

## Nát113:

### Almenn jarðfræði fyrir aðrar brautir en náttúrufræðibraut

Undanfari: Enginn

Fjallað er um kortagerð og sólkerfið. Innri gerð jarðar og flekakeningin kynnt. Útrænum öflum gerð nokkuð góð skil. Fjallað um jarðhita, vatnsföll og virkjanagerð þessara afla. Einnig er fjallað um eldgos á Íslandi og jarðskjálfta. Áhersla er lögð á afleiðingar og umhverfisáhrif.

## NÁT 123

### Eðlis- og efnafræði.

Helstu efnisatriði eru nokkur helstu form orku (varmaorka, vatnsorka, raforka, stöðuorka, efnaorka, kjarnorka, sólarorka) og hagnýting þessara orkuforma. Atómkenningin, frumefni, öreindir, atóm, sameindir, jónir, efnahvörf og efnajöfnur. Andrúmsloft, loftþrýstingur, brunni eldsneytis og loftmengun. Hreyfing, hraði, hröðun, hemlunarvegalengd. Samskiptatækni og rafsegulbylgjur.

# Næringarfræði

## NÆR103

### Næringarfræði

Undanfari

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist þekkingu á grundvallaratriðum næringarfræðinnar og samspili næringar og heilsu. Fjallað er um næringarþörf mannsins, næringargildi og samsetningu helstu matvara. Farið verður í uppbyggingu og sam-setningu próteins, fitu og kolvetna. Fjallað um vatn, vítamín og steinefni og gerð grein fyrir gildi þessara efna í fæðunni. Fjallað er um áhrif matreiðsluaðferða á næringargildi. Einnig verður fjallað um neytendamál og merkingu matvæla. Unnin verða verkefni sem t.d. tengjast næringu sérhópa og eigin næringu. Áfanginn er jafngildi ÍP242 og getur talist þar eða á kjörsviði í efnafræði.

# Saga

## Markmið sögunáms:

Nemandi

- fái þekkingu á og tilfinningu fyrir mismunandi skeiðum sögunnar, frá fornöld til líðandi stundar
- sjái sögu Íslands í samhengi við sögu Norðurlanda, Evrópu og heimsins
- geti tekið þátt í skoðanaskiptum og rökræðum með jafnöldrum um sagnfræðileg efni
- þjálfist í að meta gildi og áreiðanleika heimilda
- komi söguþekkingu sinni og söguskilningi á framfæri með fjölbreyttum hætti, í ræðu og riti, á myndrænan hátt og/eða með leikrænni tjáningu, á tölvu og neti, einn sér og í samstarfi við aðra

## SAG 103

### Fram til u.þ.b. 1750

Í áfanganum er sögunni fylgt í tímaröð frá fornöld og fram til u.þ.b. 1750. Ekki er um samfelldan annál að ræða heldur eru viss málefni valin úr. Efnisflokkarnir og áherslur innan þeirra mynda heildir. Kennarinn velur þrjá efnisflokka hið minnsta af þessum: Fornöld í nútímanum – Menningarheimur á miðöldum – Ný heimsmynd – Sveit og borg – Ríki og þegnar – Upplýsing.

**SAG143/JAR143****Samstarf við Tornbjerg Gymnasium**

Samstarfsverkefni háð fjárveitingum. Getur verið félagsfræðirannsókn... Líðan ungs fólks í skólunum; sögu og enskuverkefni – Endurminningar eldra fólks tengdar sameiginlegum atburðum landanna; orka og orkulindir í báðum löndum – hugsanlega í samvinnu við dönsku/félagsfræði; ævintýraminni – skapandi skrif – tungumálin; viðskiptalíf – viðskipti, kreppa, staða Íslands. Nemendaskipti. Heilsársáfangi.

**SAG 203****1750 til líðandi stundar**

Undanfari: SAG 103

Áfanginn spannar það skeið sem kennt hefur verið við nútíma, frá upplýsingaröld til líðandi stundar. Þetta eru tímar tæknibreytinga, hugsjóna og hagsmuna sem hafa leitt til kjarabóta, velmegunar og menningarauka en einnig stórstyrjalda og eyðingar. Fjölbætt svið mannlífs og þjóðlífs eru skoðuð, svo sem lífshættir, menning, lífshættir og stjórnmál.

**SAG 303****Menningarsaga**

Undanfari: SAG 203/213

Áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemandans. Skoðuð er menning með fjölbætt markmið í huga, myndlist, byggingarlist, bókmenntir, heimspeki og vísindi. Úrvinnsla og framsetning nemenda miði að því að miðla þekkingu, skilningi og tilfinningu fyrir tíðaranda. Nemendur lesa greinar í sagnfræðitímaritum, sögulegar skáldsögur og ævisögur.

**SAG 313****Tuttugasta öldin**

Undanfari: SAG 203/213

Fjallað verður um tuttugustu öldina og hún skoðuð í ljósi þeirra styrjalda sem háðar voru: fyrri heimsstyrjöldin – millistríðsárin – seinni heimsstyrjöldin – kalda stríðið. Seinni heimsstyrjöldin fær þó minni umfjöllun ef hún er tekin fyrir í SAG 203. Unnið er með samtímaheimildir, dagblöð, lífandi fólk, netið, kvikmyndir, sjónvarp o.fl. Lögð er áhersla á að skoða mannlíf aldarinnar, hugmyndasögu og þær breytingar sem þetta mesta umbrotaskeið mannkynssögunnar hefur fært okkur til góðs eða ills. Nemendur kanni málefni sem umrædd eru á líðandi stund og greini sögulegar rætur þeirra.

**SAG 383****Egyptaland, Grikkland, Róm**

Undanfari: SAG 203/213

Áfanginn spannar um þrjú þúsund ár í sögu mannkyns og það segir sig sjálft að aðeins verður mögulegt að drepa á örfá atriði tímabilsins. Til dæmis verður fjallað um fornöldina og Hollywood, fornöldina og nútímann, þróun stafrófsins, lýðræðið í Aþenu, heimspeki Grikkja, byggingarlist Rómverja, upphaf kristinnar, myndlist og áróður, konur í fornöldinni svo eitthvað sé nefnt. Kennslan byggist á fyrirlesturum, kvikmyndabrotum og verkefnavinnu.

**SAG413****Evrópusambandið**

Undanfari: SAG 203

Evrópusambandið, þróun og staða þess í dag. Innri gerð þess og virkni. Tenging Íslands við Evrópu á síðustu áratugum 20. aldar og þróun síðustu ára. Evrópska efnahagssvæðið og Ísland. °

**SAG 483****Sagan á líðandi stundu**

Undanfari: SAG 203/213

Nemendur velja viðburði sem eru til umfjöllunar á hverjum tíma, heima og erlendis, og leita sögulegra orsaka þeirra. Nemendur velja nokkra atburði og fjalla um þá sem hópur í heild eða í minni einingum. Efnistökin byggja á umræðum, ritun, framsetningu, gagnrýni og framlagi nemandans.

**SAG583****Kvennasaga**

Undanfari: SAG 203/213

Í áfanganum verður fjallað um réttindasögu kvenna á 19. og 20. öld, bæði hér á Íslandi sem og erlendis. Dregið verður upp yfirlit yfir helstu atburði kvennasögunnar og gerð tilraun til að draga upp mynd af breyttu lífi kvenna síðustu áratuga. Sérstök áhersla verður lögð á stjórnmalátttöku kvenna en kvennaframboð 20. aldar er einmitt sá þáttur sem gerir íslenska kvennasögu einstaka. Námsmat: Próf, frumheimildavinna og rannsóknarritgerð.

**SAG 683 -****samtímasaga**

Áfanginn SAG/ENS 683 er hugsaður sem yfirlitsáfangi yfir helstu atburði og átök í alþjóðasamfélaginu á 20. og 21. öld. Rýnt verður í atburði líðandi stundar og fylgst verður með helstu fréttaveitum erlendis. Einnig verður leitast við að tengja saman nútíð og fortíð og skoða áhrif sögunnar, með sérstakri áherslu á eftirstríðsárin hér á landi og mótun utanríkisstefnu Íslands, á nútímann. Þá munu nemendur lesa erlendar skáldsögur sem endurspeglar áhrif átaka og ófriðar 20. aldarinnar. Farið verður í hugtök eins og alþjóðasamfélagið, alþjóðasamskipti, milliríkja- og innanríkisdeilur, stríð og friður, alþjóðastofnanir og milliríkjasamningar og þau skoðuð í víðtækri merkingu. Nemendur munu

kynnast og beita fjölbreyttum vinnubrögðum í úrvinnslu sinni á viðfangsefninu hverju sinni. Áfanginn byggist því mikið á lestri, skrifum, þýðingum, munnlegri framsetningu, heimildavinnu, forvitni og skapandi hugsun.

Undanfari: SAG203 og ENS403

#### **SAG 363 -**

#### **Kvikmyndasaga**

Í áfanganum SAG363 verður fjallað um kvikmyndasögu og kvikmyndagerð. Farið verður yfir helstu grundvallaratriði kvikmyndagerðar og strauma og stefnur kvikmyndasögunnar. Lögð verður áhersla á söguþráð, uppbyggingu handrits, kvikmyndatöku, ljós og skugga og leik. Einnig verða helstu kvikmyndagerðarmenn sögunnar kynntir til sögunnar. Sérstök áhersla verður lögð á íslenska kvikmyndagerð.

Námsmat áfangans byggist á verkefnavinnu nemenda. Nemendur horfa á 10 kvikmyndir, sem markað hafa ákveðin skil eða haft áhrif á kvikmyndasöguna og þeim gerð ítarleg skil. Nemendur muna því greina, kynna og ræða kvikmyndirnar hverju sinni. Enginn undanfari er nauðsynlegur.

## **Sálfræði**

### **Markmið sálfræðináms:**

Nemandi

- þekki helstu stefnur og kenningar sálfræðinnar
- fái innsýn í rannsóknaraðferðir sálfræðinnar
- verði læs á ýmis gögn sem sýna niðurstöður rannsókna
- öðlist innsýn í þá þætti sem hafa áhrif á nám og minni og þekki leiðir til að bæta árangur sinn
- að nemendur fái innsýn inni í helstu geðraskanir, sérhópa og fatlanir og öðlist þannig skilning á þeim vandamálum sem þessir einstaklingar eiga við að etja með það að markmið að eyða fordómum og bæta samskipti innan samfélagsins í heild
- að nemendur fái innsýn inn í eigin hugarheim og skilning á eigin tilfinningum
- að kenna nemendum leiðir til að stunda geðrækt

#### **SÁL 103**

#### **Almenn sálfræði**

Fjallað er um viðfangsefni, sögu og stefnur sálfræðinnar. Kynntar eru rannsóknir á áhrifum umhverfis og aðstæðna á atferli manna og dýra og hvernig niðurstöðurnar eru hagnýttar í allri atferlismótun. Sérstök áhersla á minni, nám og námsaðferðir.

#### **SÁL 173/183**

#### **Auglýsingasálfræði**

Efni áfangans er skynjun, áróður og auglýsingatækni.

Fjallað er um skynferlun, litaskynjun, skynvillur og neðanmarkaskynjun og hvernig er hægt að hafa áhrif á okkur með að beita þekkingu á þessum sviðum. Reynt er að gera nemendum grein fyrir umfangi og áhrifum auglýsinga og áróðurs á hegðun okkar og viðhorf. Auglýsingatækni, auglýsingabrellur, sálfræði auglýsinga og áróðurs skoðuð og greind á ýmsan hátt með það að markmiði að gera nemendur meðvitaðri um þau öfl sem eru að verki í umhverfi okkar og hafa áhrif á hegðun.

#### **SÁL 203**

#### **Þroskasálfræði**

Undanfari: SÁL 103

Kynning á þroskasálfræði, hugtökum hennar og helstu álitamálum. Fjallað er um þroskaferilinn frá getnaði og fram á unglingsár. Einkum er tekinn fyrir líkams- og hreyfiproski, vitsmunaproski, persónuleikaproski og málþroski. Einkum er fjallað um eðlilegan þroska en einnig lítillaga um frávik og orsakir þeirra. Geðraskanir barna teknar fyrir.

#### **SÁL 213**

#### **Kortlagning hugans**

Undanfari: SÁL 103

Farið er í gerð og starfsemi taugakerfisins, einkum heila og taugafrumna. Hormónakerfið og tengsl hormóna við hegðun eru einnig tekin fyrir. Skynjun, lífeðlislegar undirstöður hennar, hugræn úrvinnsla og skynvillur eru til umfjöllunar. Fjallað er um vitund og mismunandi vitundarástand, svo sem svefn, drauma, dagdrauma, dáleiðslu og vímu af völdum lyfja.

#### **SÁL 303**

#### **Afbrigðasálfræði**

Undanfari: SÁL 103

Fjallað er um streitu, einkenni hennar, áhrif á heilsu og streituþol. Leiðir til að draga úr streitu eru skoðaðar. Þá er fjallað um hugtökin geðheilbrigði og afbrigðileiki. Nemendur fræðast um algengustu flokka geðrænna vandamála, mögulegar orsakir þeirra, tíðni og meðferðarurræði. Geðheilsa og geðrækt einstaklinga tekin fyrir.

**SÁL 313****Fötlan, áföll og öldrun**

Undanfari: SÁL 103

Fjallað er um fötlun og áhrif hennar á líf einstaklingsins og fjölskyldu hans. Einnig er fjallað um áföll, áfallastreitu, áfallahjálp, kreppu, kvíða og sorg. Þá er fjallað um öldrun og ýmislegt sem tengist henni. Þetta er vinnuáfangi þar sem nemendur fara út á stofnanir og skoða stofnanir og meðferðarræði sem tengjast efni áfangans

**SÁL 403****Greind, félags- og persónuleikasálfræði**

Undanfari: SÁL 103

Atferli, hugsanir og viðhorf skoðuð í félagslegu samhengi. Kynntar eru rannsóknir á staðalmyndum, viðhorfum, hjálpssemi, hlýðni og þeim skýringum sem fólk gefur fyrir hegðun sinni. Mismunandi persónuleikakenningar eru skoðaðar. Álitamál og staðreyndir varðandi greind, vitsmunapróska og greindarmælingar kynntar.

## Spænska

**Markmið spænskunnáms:**

Nemandi

- geti tileinkað sér lestrarefni af ýmsu tagi, þ. á m. bókmenntatexta
- geti skilið spænskt talmál og skynji mismunandi málvenjur
- geti tjáð sig munnlega og skriflega um margbreytileg efni
- sé fær um tjáskipti á spænsku og geti bjargað sér við mismunandi aðstæður
- kunni skil á grundvallarreglum í málfræði
- geti nýtt sér söfn og upplýsingatækni til sjálfsnáms

**SPÆ 103**

Tungumálið og útbreiðsla þess kynnt. Framburðarreglur eru kenndar og framburður æfður. Nemandur er kennt að bjarga sér með því að æfa einföld samtöl. Grunnmálfræði er kennd, s.s. beygingar sagna í nútíð, kyn og tala nafnorða og lýsingarorða, orðskipun í setningu o.fl. Áhersla er lögð á orðaforða. Menning þeirra sem tala spænsku er kynnt.

**SPÆ 203**

Megináhersla er lögð á samtalsæfingar og aukinn orðaforða. Málfræðireglur og æfingar, m.a. þátíðir og nánin framtíð sagna. Nemandur eru meðvitað þjálfaðir í að tala spænsku og bjarga sér á tungumálinu. Léttir leskaflar af menningarlegum toga eru lesnir og verkefni tengd þeim leyst. Í þessum áfanga geta nemendur öðlast þökkalega leikni og þekkingu til að bjarga sér í spænskumælandi landi.

**SPÆ 303**

Áhersla er lögð á að nemendur öðlist betri skilning á töluðu og rituðu máli og að þeir geti tjáð sig á spænsku, skriflega og munnlega. Lesnir verða léttir textar auk lesbókar. Þátíðir sagna æfðar, framtíð og skildagatíð kenndar svo og boðháttur. Æfingar með orðabók til að auka orðaforða.

**Spæ 403 Menning, saga og munnleg tjáning**

Nemandur þekki sögu og menningu hins spænskumælandi heims og uppbyggingu þeirra þjóðfélaga sem í honum eru og fái þjálfun í að segja skoðun sína, segja frá og ræða þessa þætti. Þeir fá þjálfun í að setja sig í spor annarra og segja frá ímynduðum aðstæðum. Þeir læra að tjá ósk, boð, bönn, beiðni og skipun.

Forkröfur Spænska 303

**SPÆ 413 Spænska og leikhús**

Undanfari SPÆ303

Þema áfangans er mismunandi en er ávallt af menningarlegum toga og byggir á samskiptum við ungt fólk á Spáni. Nemandur læra um menningu og sögu og þá þætti sem hafa haft mikil áhrif á menningu landsins.

Nemandur munu vinna að heimildarmynd jafnframt því að halda uppi bloggsíðu um framgang vinnu sinnar og skrifa greinar.

Markmiðið er að nemendur kynnist ólíku menningarsamfélagi og afli sér þekkingu á því á eigin forsendum út frá eigin reynslu, auki við orðaforða sinn og þekking sína á spænskri tungu og hagnýti sér hana, öðlist leikni í menningarlegum og uppbyggjandi samskiptum við ungt fólk úr öðru umhverfi en þau sjálf og með ólíkan menningarbakgrunn, þjálfist enn frekar í rita og tala spænsku og öðlist víðsýni, samkennd og umburðarlyndi fyrir fjölbreytileika og þar með hæfni til að eiga í heilbrigðum og uppbyggjandi samskiptum við fólk af ólíkum uppruna en þeir sjálfir. Farið verður til Spánar.

**Spæ 503 Menning Rómönsku Ameríku**

Upprifjun á öllum helstu atriðum spænskrar málfræði og úrvinnsla úr þeim. Nemendur lesa bókmenntir og kafla úr sögu og menningu Rómönsku Ameríku. Blaðagreinar eru lesnar og verkefni unnin. Endursagnir eru þjálfaðar í ræðu og riti. Nemendur skrifa ritgerðir og þjálfast í að verja skoðanir sínar og segja frá atburðum.

Forkröfur Spænska 403

## Stærðfræði

### Markmið stærðfræðináms:

Nemandi

- öðlist næga kunnáttu til að takast við á stærðfræðileg verkefni sem upp koma í daglegu lífi og geti notað stærðfræði við margs konar störf í þjóðfélaginu
- öðlist nægilega kunnáttu til að geta stundað framhaldsnám í ýmsum greinum
- kynnist stærðfræði sem hluta af menningararfi og almennri menntun
- þroskist í rökrænni hugsun og rökrænni framsetningu

### STÆ 191/193

#### Undirbúningsáfangi

Í þessum áfanga verður viðfangsefnið meðhöndlað út frá óhefðbundnum leiðum og reynt að tengja það daglegu lífi og hagnýtum viðfangsefnum. Farið verður í grunnaðferðir- og reglur stærðfræðinnar.

### STÆ 293

#### Undirbúningsáfangi

Í þessum áfanga verður reynt að tengja það daglegu lífi og hagnýtum viðfangsefnum. Markmið áfangans er að auka kunnáttu nemenda í grundvallaratriðum stærðfræðinnar og að nemendur nái sömu kunnáttu og krafist er til grunnskólaprófs.

### STÆ 102

#### Jöfnur og hlutföll

Undanfari: 5 til 7 á grunnskólaprófi eða STÆ 293

Skilgreining og flokkun rauntalna. Undirstöðuatriði algebru. Lausnir jafna. Reikniformúlur. Talnahlutföll, einingaskipti, skiptireikningur, prósentur, vextir. Réttthyrnt hnitakerfi í sléttum fleti. Jafna beinnar línu.

### STÆ 122

#### Rúmfræði

Undanfari: STÆ 102

Frumsendur og óskilgreind hugtök. Beinar og óbeinar sannanir. Frumhugtök rúmfræðinnar. Línur og horn í þríhyrningi og hornasumma þríhyrnings. Flatar- og rúmmál. Einshyrndir þríhyrningar. Þýðgárasarregla. Hornaföll í réttthyrndum þríhyrningi.

### Stæ 162:

Hagnýt stærðfræði s.s. talnareikningur, jöfnur og prósentureikningur. Einnig er farið í notkun töflureikna með sérstakri áherslu á úrvinnslu og framsetningu tölfræðilegs efnis. Áhersla er lögð á að undirbúa nemendur vel sem hafa hug á framhaldsnámi á félagsvísinda-, hugvísinda – og menntasviði

### Stæ 182:

Hagnýt stærðfræði s.s. jöfnur, veldisföll, vísiföll, rúmfræði og hornaföll. Áhersla er lögð á að undirbúa nemendur vel sem hafa hug á framhaldsnámi á félagsvísinda-, hugvísinda – og menntasviði.

### Stæ 262:

Hagnýt stærðfræði s.s. jöfnur, talnamengi, mengi, talningarfræði, vextir, verðtrygging og tölugildi. Einnig er farið í notkun töflureikna með sérstakri áherslu á úrvinnslu og framsetningu tölfræðilegs efnis. Áhersla er lögð á að undirbúa nemendur vel sem hafa hug á framhaldsnámi á félagsvísinda-, hugvísinda – og menntasviði.

### STÆ 103

#### Jöfnur, rúmfræði og hlutföll

Undanfari: 7 á grunnskólaprófi

Rúmfræði, talnameðferð, jöfnur, hnitakerfið, gröf og jafna beinnar línu. Hlutfallareikningur, prósentur og vextir. Nemandi sem fellur í STÆ 103/113 flyst í STÆ 102 á næstu önn en endurtekur ekki 103.

### STÆ 203

#### Algebra og föll

Undanfari: STÆ 103

Rauntölur og talnalínan. Tölugildi, ójöfnur, þáttun, stytting og samlagning brota. Brotabrot, veldi og rætur. Föll og gröf þeirra. Annars stigs margliður og jöfnur.

### STÆ 202

#### Algebra, föll og talningarfræði

Undanfari: STÆ 102

Tölugildi, ójöfnur, þáttun. Veldi og rætur. Brotabrot. Föll og gröf þeirra. Annars stigs margliður og jöfnur. Teikningar á gröfum falla. Margliður.

### STÆ 303

#### Hornaföll, vigrar og talningarfræði

Undanfari: STÆ 202/203

Mengjafræði. Undirstöðuatriði hornafræðinnar, gröf hornafalla og einkenni lotubundinna falla. Vigurreikningur í tvívíðu rúmi með réttthyrndum hnitum. Beinar og óbeinar sannanir.

#### **STÆ 313 Tölfræði og líkindareikningur I**

Undanfari: STÆ 202/203

Fjallað er um töluleg gögn og myndræna framsetningu á þeim með myndritum, einkennistölu fyrir gagnasöfn og dreifingu og undirstöðuatriði líkindareiknings á endanlegu útkomurúmi, þar á meðal frumatriði talningarfræði. Verkefni eru unnin með aðstoð reiknitækja og a.m.k. eitt verkefni er unnið í samvinnu nokkurra nemenda.

#### **STÆ 363 Föll og deildun**

Undanfari: STÆ 203

Margliðu- og vísiföll. Veldareglur. Vaxtareikningur. Runur, raðir og hagnýting þeirra. Afleiður falla og hagnýting þeirra. Gröf falla könnuð. Línuleg bestun.

#### **STÆ 383 Myndræn stærðfræði**

Áfanginn er sérstaklega hugsaður fyrir nemendur á Fjölmíðlabraut, en hentar einnig nemendum á Mála- og Félagsfræðibraut. Efni áfangans er myndræn stærðfræði m.a. form, þríhyrningar, hlutfallareikningur og gullinsnið. Einnig runur og raðir, lograr, vextir og hlutföll. Undanfari er STÆ162/182/282 eða 203. Nemendur sem eru búnir með STÆ 363 mega taka áfangann. Nemendur á Náttúru- eða Viðskipta- og hagfræðibraut geta ekki tekið þennan áfanga.

#### **STÆ 403 Föll, markgildi og deildun**

Undanfari: STÆ 303

Samskeyting falla. Andhverf föll. Markgildi falla. Aðfellur. Skilgreining á afleiðu. Reiknireglur um deildun. Afleiður ræðra falla, hornafalla, vísis- og lografalla. Könnun falla.

#### **STÆ 413 Tölfræði og líkindareikningur II**

Undanfari: STÆ 313

Fjallað er um normlega dreifingu og aðrar líkindadreifingar, úrtök og tölfræðilegar ályktanir, fylgni o.fl. Nemendur vinna nokkur stærri verkefni einir og í samvinnu við aðra nemendur. Verkefnin eru unnin með aðstoð reiknitækja.

#### **STÆ 463 Rúmfræði og heildun**

Undanfari: STÆ 363

Heildun og hagnýting hennar. Rúmfræðilegar færslur, rúmshyggja og rúmfræðileg hlutföll. Stærðfræðileg túlkun fjarvíddar í tvívíðu rúmi. Stærðfræðileg verkefni, menningarsöguleg og hagnýt.

#### **STÆ 503 Heildun, runur og raðir**

Undanfari: STÆ 403

Heildun: stofnfall, innsetning, hlutheildun, flatarmál, rúmmál. Deildajöfnur af fyrsta stigi. Jafnmunar- og jafnhlutfallarunur. Summa n fyrstu liðanna. Markgildi. Raðir: samleitni, summa jafnhlutfallaraðar.

#### **STÆ 513 Strjál stærðfræði**

Undanfari: STÆ 403

Mengi, vensl, varpanir og helstu hugtök varðandi þessi atriði. Talningarfræði. Rökreglur, mótdæmi, rakning. Þrepun. Reiknirit. Raðir, jafnmunarröð, jafnhlutfallaröð. Deilanleiki talna og frumtölur. Sætiskerfi með öðrum grunntölum en 10. Leifaflokkar og aðgerðir með leifaflokkum.

#### **STÆ 523 Rúmfræði**

Undanfari: STÆ 403

Þrívíð rúmfræði. Margflötungar. Vigrar í þrívídd. Jöfnur og stikaform sléttu, línu og ferla. Horna- og fjarlægðarreikningur, rúmmálsreikningur og vigurfeldi. Keilusnið, jöfnur þeirra og speglunareiginleikar.

#### **STÆ 603 Yfirlitsáfangi**

Undanfari: STÆ 503

Hyperbólsk föll. Arkarföll. Tvinntölur. Deildajöfnur af fyrsta stigi. Deildajöfnur af gerðinni  $y'' + ay' + by = f(x)$ . Frekari hagnýting heildareiknings. Áhersla er lögð á skýra framsetningu á úrlausnum verkefna.

#### **STÆ 703 Stærðfræðigreining**

Undanfari: STÆ 603

Föll: samfelldni og deildanleiki. Notkun stærðfræðigreiningar við lausn á ýmsum hagnýtum verkefnum. Markgildi. Samleitni runu og raðar. Taylor raðir.

## **Tölvugreinar**

### **Markmið tölvunáms:**

Nemandi

- þekki innra net skólans og þann hugbúnað sem honum stendur til boða

- geti beitt þeim hugbúnaði sem er til í skólanum í réttu samhengi við annað nám í skólanum
- geti sjálfur aflað sér þekkingar á því hvernig hagnýta má hugbúnaðinn við nám sitt
- geti sett fram þá þekkingu sem hann aflar sér í námi sínu á tölvuæddan hátt, svo sem í gagnasafni, með myndrænni framsetningu tölfraeðilegra gagna o.s.frv.

### **TÖL 103**

#### **Inngangur að forritun**

Í áfanganum fá nemendur undirstöðupjálfun í hlutbundinni forritun. Lögð er áhersla á að þeir temji sér öguð og viðurkennd vinnubrögð við greiningu, hönnun og prófun tölvuforríta. Sérstök rækt er lögð við að þeir átti sig á hlutverki stýrikerfa við hönnun hugbúnaðar, m.a. við notkun staðlaðs notendaviðmóts.

### **TÖL 113**

#### **Gagnasafnsfræði**

Farið er í undirstöðupætti gagnasafnsfræða, svo sem skipulag og vensl gagnasafna og fyrirspurnarmál. Einnig er fjallað um öryggi gagnasafna og lög um tölvugögn. Farið er í helstu þætti við greiningu og hönnun gagnasafna. Áfanginn er valáfangi og getur einnig hentað nemendum á félagsfræðabráut. Nemendur hanna eigið gagnasafn með einingavenslalíkönnum, skipuleggja tögun gagna og lykln. Síðan setja þeir gagnasafnið upp og beita fyrirspurnarmáli á það.

### **TÖL 203**

#### **Hlutbundin forritun og netkerfi**

Undanfari: TÖL 103

Nemendur greina, hanna og forrita forrit með hlutbundnum aðferðum, klasahönnun. Kennar eru helstu aðferðir við gagnaskipan. Farið er í mismunandi uppbyggingu stýrikerfa og vélbúnaðar. Einnig er farið í uppbyggingu og gerð myndefnis.

### **TÖL 303**

#### **Verkefnaáfangi**

Undanfari: TÖL 203

Áfanginn á að gefa nemandanum tækifæri til að fá innsýn í ýmsa þætti tölvufræða.

Lögð er áhersla á að nemandinn sýni sjálfstæði og frumkvæði í náminu og þá ekki síst í að hagnýta sér þekkingu af ýmsum sviðum, t.d. þekkingu í eðlisfræði og stærðfræði, við úrlausn verkefna. Kennslan er þannig jöfnum höndum fræðileg og verkleg, auk þess að byggjast bæði á sjálfnámi nemandans og innlögn kennarans.

### **MTN 103**

#### **Markviss tölvunotkun**

Í áfanganum er kennt að nota tölvu á markvissan og nytsaman hátt. Fjallað er um grunnatriði netkerfa og mismunandi gerðir þeirra og að nemendur þekki til helstu jaðartækja inn á netkerfi. Kennð er markviss notkun netsins. Fjallað er um upplýsingar af netinu, greiningu þeirra, áreiðanleika og meðhöndlun. Kennð er notkun samskiptaforrita svo sem Outlook eða annarra sambærilegra forrita og áhersla lögð á mikilvægi slíkra forrita fyrir gott upplýsingastreymi innan hópa eða fyrirtækja. Kynnt er meðhöndlun og vinnsla gagna í tölvum. Lögð er áhersla á að nota raunhæf verkefni í áfanganum.

## **Uppeldis- og menntunarfræði**

### **Markmið uppeldisnáms:**

Nemandi

- öðlist skilning á órjúfanlegum tengslum uppeldis og samfélags og fái innsýn í uppeldishugmyndir á ýmsum tímum
- fái skilning á mikilvægi uppeldis og menntunar fyrir lífshamingju hvers einstaklings
- kynnist þeim hugmyndastefnum sem eru ríkjandi á uppeldisstofnunum á Íslandi og verði sér meðvitaður um eigin hugmyndafræði
- hafi innsýn í og þekkingu á þörfum, hegðun, hugarstarfi og tilfinningalífi barna við ýmsar uppeldisaðstæður
- fái skilning á eðli og gildi foreldrahlutverksins og þekki þá aðila sem nú á dögum tengjast uppeldi barna og unglinga

### **UPP 103**

#### **Almenn uppeldis- og menntunarfræði**

Áhersla á kynningu á fræðigreinininni uppeldis- og menntunarfræði. Fjallað er um rætur hennar, sögu og hagnýtingu. Hugtakið uppeldi er tekið til umræðu og gildi uppeldis fyrir einstakling og samfélag. Mismunandi viðhorf til mannlegs eðlis eru skoðuð í ljósi mismunandi viðhorfa til uppeldis og menntunar.

Lauslega er farið í þróun uppeldis og menntunar í Evrópu síðustu aldir. Nemendur kynnast hugmyndafræði og uppeldisaðferðum nokkurra þekktra uppeldisfræðinga sem hafa haft áhrif á uppeldis- og skólustarf í Evrópu.

Nemendur kynna sér þroskaferil barna/unglinga. Áherslur á þróun sjálfsins, vitsmuna-, siðgæðis- og félagsþroska barna og unglunga. Einnig rætt um aga og agavandamál, samskiptahætti, fjölskyldumynstur og vandamál barna.

Uppeldissvið eins og leikir og listsköpun barna eru skoðuð sérstaklega.

#### **Upp 203 Almenn uppeldis- og menntunarfræði**

Markmið áfangans er að kynna nemendum markmiðssetningu grunn- og framhaldsskóla á Íslandi eins og hún kemur fram í opinberum gögnum, kynna þeim umræður um hlutverk stofnana, forsjármanna og almennings í uppeldi barna og unglunga og dýpka skilning á ýmsum þeim þáttum sem snerta líf þeirra. Stefnt skal að því að efla sjálfstæð vinnubrögð nemenda og gera þá hæfari til að taka þátt í umræðum um uppeldi og menntun barna og unglunga.

Meðal atriða sem tekin eru fyrir eru til dæmis markmið og leiðir í uppeldis- og menntastarfi á Íslandi, kynhlutverk, sorg og sorgarviðbrögð, skilnaður og ofbeldi. Einelti og áhrif þess á þolendur og gerendur verður rifað upp og leiðir til að sporna við einelti og eineltisáætlanir grunnskóla kynntar.

## **Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar**

### **Markmið upplýsinganáms:**

Nemandi

- hafi breiða, almenna þekkingu á starfsumhverfi upplýsinga- og fjölmiðlatæknigreina og þekki vel möguleika á starfi og/eða framhaldsnámi eftir grunnnám í upplýsinga- og fjölmiðlatæknigreinum
- geti nýtt sér tölvur á markvissan og skapandi hátt til upplýsingaöflunar, hönnunar og samskipta
- hafi þekkingu á hönnun og formfræði og geti af þekkingu metið framsetningu efnis miðað við þann markhóp sem við tekur
- þekki til áhrifa lita, ljóss og hljóðs á skynjun fólks
- þekki rekstrarumhverfi fyrirtækja og geti gert sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem hver einstaklingur ber á gæðum og framgangi fyrirtækis
- þekki bakgrunn og þróun upplýsinga- og fjölmiðlatæknigreina og geri sér grein fyrir áhrifamætti upplýsinga- og fjölmiðlatæknigreina í samfélaginu

### **FJÖ Fjölmiðlun sjá framar**

#### **EPP 102**

#### **Efnis- og pappírfræði**

Efnisfræði: Í áfanganum kynnast nemendum algengustu efnum sem notuð eru við framleiðslu og útgáfu innan upplýsinga- og fjölmiðlagreina. Nemendum eru kynntar reglugerðir um notkun, skil og eyðingu efna og reglugerð um hollustuhætti. Lögð er áhersla á nauðsyn þess að velja náttúruvæn efni þar sem möguleiki er á.

Pappír: Nemendum eru kynntir staðlar fyrir pappírstærðir. Lögð er áhersla á að val á pappír þarf alltaf að miðast við fyrirhugaða notkun. Skoðaðar eru mismunandi gerðir og eiginleikar pappírs til notkunar fyrir texta, myndir, auglýsingar o.fl. Kynnt er framleiðsla, innkaup, meðferð, geymsla og endurvinnsla á pappír.

#### **HLT 102**

#### **Hljóðtækni**

Í áfanganum er kennd vinnsla með hljóð í tölvum. Farið er yfir grunnatriði hljóðvinnslu og í þau hugtök sem notuð eru við hljóðvinnslu. Kennd er notkun á hljóðvinnsluforrit, klipping hljóðs, breytingar og samsetning. Lögð er áhersla á að nemendur geti valið viðeigandi skráaform, gæði og þjöppun hljóðs miðað við notkun. Notkun og meðhöndlun hljóðs út frá siðfræði og höfundarrétti.

#### **IOS 104**

#### **Iðngreinafræði og starfsgreinakynning**

Mælt er með áfanganum á lokaönn grunnnáms.

Í áfanganum kynnast nemendur störfum og starfsumhverfi í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum. Nemendur fá kynningu á sérnámi sem tekur við af grunnnámi í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum, þ.e. námi í bókasafnstækni, bókbandi, fjölmiðlatækni, grafískri miðlun/prentsmíð, ljósmyndun, nettækni, prentun og veftækni sem og möguleikum til starfa og framhaldsnáms að námi loknu. Nemendur kynna sér starfsemi fyrirtækja og margvísleg störf og viðfangsefni á upplýsinga- og fjölmiðlasviði í samráði við kennara, m.a. með vettvangsheimsóknum, viðtölum, lestri blaða og tímarita og upplýsingaleit á netinu, skrifa skýrslur eða greinargerðir og kynna fyrir samnemendum sínum. Nemendur fá einnig tilsögn í að skrifa umsókn um starf og byggja upp sína eigin náms- og starfsferilsskrá. Þá verður fjallað almennt um aðila atvinnulífsins, kjarasamninga, lífeyrissjóði, tryggingar og önnur atriði sem lúta að samskiptum launþega og atvinnurekenda.

#### **LLF 102**

#### **Ljós og litfræði**

Æskilegur áfangi á annarri önn.

Í áfanganum er fjallað um næmnisfræðina (sensitometri) sem fjallar um hvernig mynd verður til í auganu með taugaboðum, á ljósmyndapappír vegna ljósnæmra salta í filmunni og í rafeindasjám (skönnum og stafrænum myndavélum) með krystöllum í CCD-fylkjum. Lögð er áhersla á að nemandinn fái skilning á hvernig þessi tækni og efni hegða sér og þeim aðferðum sem notaðar eru til að skilgreina yfirfærslu frummyndar á filmu, á ljósnæman pappír eða sem stafrænar upplýsingar í tölvu. Lögð er áhersla á að nemandinn skilji mælieiningar og hugtök og fái æfingu í að nýta sér yfirfærslurit, bæði með tilliti til efna og eðlisfræðilegra afrita, einnig þekju- og litrófsmælingar.

Í áfanganum er einnig fjallað um þriggjalitafraeðina (Tricolor theory) og hvernig hún „skýrir“ litsjón augans en á henni byggjast þær aðferðir sem nýttar eru í litmyndun, bæði í ljósmynd og tölvu. Fjallað er um eðli samlægðra og frádrægra banda í litrófinu og nemendur æfðir í að tileinka sér þann þankagang sem notaður er til að stýra og lagfæra liti í myndum. Nemandinn öðlist skilning á hinum ýmsu litrymum (gamuts) sem filmur og tæki vinna með og geti gert sér grein fyrir þeim göllum sem eru á þeim miðað við mannlega sjón. Þar þarf líka að koma til skilningur á ritun lita í tölvuumhverfi, þ.e. RGB, CMY(K), Lab og HSB, og hæfni til að nýta sér þau til litstýringar. Nemandann æfist í að hugsa rökrétt í litaböndum og tónum og fái tækifæri til að nýta sér þá hæfni til að dæma og stýra myndgerðarferli.

#### **MTN 103**

#### **Markviss tölvunotkun sjá Tölvugreinar**

#### **MOF 103**

#### **Myndbygging og formfræði**

Sýnt er hvernig formheimurinn greinist í frumform; ferninga, hringi, þríhyrninga o.s.frv. Gerðar eru æfingar með form og andhverf form á tvívíðum fleti og hvernig slíkar skiptingar mynda grafísk skilaboð. Í fyrsta lagi er farið yfir hvernig form byggja upp kyrrstöðu og spegilmyndir með miðjusettu jafnvægi. Í öðru lagi hvernig staðsetning, frámiðja og ójafnvægi myndar spennu og hvernig slíkt er notað við myndbyggingu og uppsetningu á hvers kyns myndrænni framsetningu. Skoðuð eru fyrirbæri eins og mýkt og harka, forgrunnur, miðgrunnur og bakgrunnur. Fjallað er um kenningar í myndbyggingu frá klassískri hlutfallafræði til afbyggingar nútímans. Farið er yfir litakerfi, litsamsetningar og áhrif lita.

#### **MTG 103**

#### **Myndgreining, týpografía og grafísk hönnun**

Undanfari: MOF 103

Farið er yfir hugtakanotkun í leturfræðum. Skilgreint er flokkunarkerfi leturs og uppruni leturforma rakin til verkfæra og tækniframfara. Sýnd eru tengsl leturs við formfræði og hvernig slíkt tengsl eru notuð við leturval.

Enn fremur eru skoðuð tengsl leturs við hugmyndasögu. Farið er yfir hvernig letur er valið og staðsett með tilliti til mynda. Þetta er gert með myndgreiningum á efni sem er fyrir hendi og æfingum í kjölfarið. Fjallað er um grafíska hönnun sem aðferðafræði þar sem val á lettri og mynd er rökrétt niðurstaða og myndar heildrænt útlit. Grafísk hönnun skoðuð sem tíðarandi annars vegar og rökrétt skipulag á upplýsingum hins vegar.

#### **MOM 103**

#### **Myndvinnsla og margmiðlun**

Undanfari: MOF 103

Í áfanganum er fjallað um þau umbrot sem orðið hafa í tæknilegri framsetningu á upplýsingum. Sýnt er fram á hvernig nýr og gamall heimur mætast í nýrri tækni, hvernig aðferðir, hugtök og mælieiningar gamla heimsins birtast í stafrænu formi og hvernig hefðbundin gildi vinna í nýju umhverfi. Lögð er áhersla á að nemendur drukkni ekki í tækniundrum og nái áttum og valdi á nýjum verkfærum en stjórnist ekki af þeim. Sýnt er hvernig samþætting forma, myndar, leturs og hljóðs í nýjum miðlum er undirbúið og skipulagt.

#### **PHO103 -**

#### **Myndvinnsla í Photoshop**

Í áfanganum kynnast nemendur undirstöðuatriðum í myndvinnslu. Farið verður í lagfæringar og breytingar á myndum, vistun og frágang mynda fyrir veraldarvef og fyrir mismunandi leiðir við prentun. Unnið með verkfæri og skipanir í myndvinnsluforritinu Photoshop. Afmörkun myndhluta, litun mynda og sýnd notkun laga, maska og leturs. Unnið með mismunandi myndsníð, litakerfi og upplausn mynda.

#### **TEX 102**

#### **Textameðferð**

Áfanginn miðar að því að þjálfa nemendur í að skrifa og ganga frá texta með tilliti til þess miðils sem hann á að birtast í. Nemendur fylgjast með umfjöllun fjölmiðla, þjálfast í að stytta texta án þess að inntak hans skerðist og að skilgreina þarfir þess markhóps sem textinn er unninn fyrir. Lögð er áhersla

á að nemendur þekki á hvaða hátt texti þarf að taka mið af því hvernig og hvar hann er birtur. Þjálfst í öguðum vinnubrögðum og venjist því að prófarkalesa eigin skrif.

#### **VMM 103**

#### **Vefsíðugerð, myndvinnsla og myndbandagerð**

Kennd er hönnun vefsíðu í HTML/XHTML. Farið er yfir grunnatriði vefsíðukóða, innsetningu tengla, mynda og notkun taflna. Kennd er notkun ýmissa hjálparforrita við vefsíðugerð. Lögð er áhersla á að vefsíða sé létt í keyrslu og geti verið skoðuð í öllum vefskoðurum. Farið er í mikilvægi góðrar hönnunar og verksskipulags.

Kennd er myndvinnsla í tölvum og yfirfærsla myndar frá skanna eða stafrænni myndavél. Lögð er áhersla á að nemendur geti unnið myndir á viðeigandi gagnasnið miðað við notkun, kunni að meðhöndla myndir, breyta þeim og setja saman. Fjallað er um punkta- og rastafræði og um punktinn sem grunneiningu í texta á myndum og skjá. Kynnt röstun, rastatíðni, upplausn á skjá og staðlar um fjölda punkta á flatareiningu. Punkti er fylgt eftir frá inntaki til útgáfu, t.d. frá skanna í gegnum tölvu í útprentun eða á geisladisk.

Kennd eru helstu atriði við gerð myndbands. Lögð er áhersla á handritavinnu og áætlunargerð. Nemendur kynnist stafrænum myndbandsvélum, tæknilegum eiginleikum þeirra, kostum og göllum. Rætt um notkun og meðhöndlun mynda út frá siðfræði og höfundarrétti.

## **Upplýsinga- og fjölmiðlabraut – sérsvið**

### **Fjölmiðlatækni**

Störf fjölmiðlatækna eru fjölbreytt og í eðli sínu þverfagleg. Þeir vinna meðal annars með sérfræðingum á fjölmiðlum, sjá um uppsetningu og frágang á tækjum og vinna við öflun, frágang og úrvinnslu efnis fyrir birtingu og við útsendingu.

Meginmarkmið með námi á sviði fjölmiðlatækni er að nemendur hafi nægilega þekkingu og færni til að sinna margbreytilegum störfum við framleiðslu, birtingu og útsendingu fjölmiðlaefnis í samstarfi við sérfræðinga.

#### **FJT 105**

#### **Fjölmiðlun; forsendur og tilgangur**

Í áfanganum er fjallað um tilgang, áhrif og þróun fjölmiðla. Kynntar eru kenningar um aðhaldshlutverk fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi og siðferðileg álitamál. Styrkleikar og veikleikar fjölmiðla eru kannaðir með tilliti til hlutverks og ábyrgðar. Staða íslenskra fjölmiðla í alþjóðlegu samhengi er krufin sem og skoðanamótandi áhrif þeirra. Ólíkir tjáningarmátar, eins og áróður og fréttaflutningur í fjölmiðlum eru borin saman. Einföld boðskiptalíkon eru kynnt og fjallað um verklag fjölmiðla við upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun.

#### **FJT 205**

#### **Fjölmiðlun; Aukið hlutverk í breyttri samfélagsmynd**

Í áfanganum er fjallað um, líkt og í FJT 105, um tilgang, áhrif og þróun fjölmiðla. Skoðuð er þróun fjölmiðlaumhverfis allra síðustu ára og reynt að rýna í þær breytingar sem hafa orðið á fjölmiðlun, og munu verða m.a. af breyttu laga- og rekstrarumhverfi. Skoðuð er hvernig samþjöppun fjölmiðla hefur, og mun hafa áhrif á fjölmiðlanotkun neytenda og lestrar- hlustunar- og áhorfsvenjur. Fjallað ítarlega um verklag á fjölmiðlum við upplýsingaöflun og upplýsingamiðlun. Styrkleikar og veikleikar fjölmiðla eru kannaðir með tilliti til hlutverks, ábyrgðar og eignarhalds.

#### **FJT 115**

#### **Tækni á sviði fjölmiðlunar**

Í áfanganum er fjallað um tækniumhverfi fjölmiðlanna. Tæknihugtökum og vinnsluferli á fjölmiðlum eru gerð skil. Uppbygging tækja er kynnt og nemendur þjálfast í notkun, uppsetningu og umhirðu þeirra. Áfanginn byggist að mestu á verklegri vinnu með tækjabúnað mismunandi miðla.

#### **FJT 215**

#### **Tækni á sviði fjölmiðlunar**

Í áfanganum er fjallað um tækniumhverfi fjölmiðlanna. Tæknihugtökum og vinnsluferli á fjölmiðlum eru gerð skil. Uppbygging tækja er kynnt og nemendur þjálfast í notkun, uppsetningu og umhirðu þeirra. Áfanginn byggist að mestu á verklegri vinnu með tækjabúnað mismunandi miðla

#### **FJT 125**

#### **Vinnsluaðferðir í fjölmiðlun**

Í áfanganum er unnið við vinnslu efnis fyrir prentmiðla, ljósvakamiðla og í margmiðlunarumhverfi. Áhersla er lögð á fagleg og gagnrýnin viðhorf til ólíkra vinnsluaðferða á fjölmiðlum. Efniviður vinnunnar er greining nánasta samfélags. Nemendur þjálfast í efnisöflun og úrvinnslu fyrir ólíka miðla, læra grundvallaratriði í útlitshönnun, umbroti og dagskrárgerð og útsendingarstjórn og kynnast því hvernig staðið er að gerð fréttar og annars fjölmiðlaefnis.

#### **FJT 225**

#### **Vinnsluaðferðir í fjölmiðlun**

Í áfanganum er unnið við vinnslu efnis fyrir prentmiðla, ljósvakamiðla og í margmiðlunarumhverfi. Áhersla er lögð á fagleg og gagnrýnin viðhorf til ólíkra vinnsluaðferða á fjölmiðlum. Efniviður vinnunnar er greining nánasta samfélags. Nemendur þjálfast í efnisöflun og úrvinnslu fyrir ólíka miðla,

læra grundvallaratriði í útlitshönnun, umbroti og dagskrárgerð og útsendingarstjórn og kynnast því hvernig staðið er að gerð fréttar og annars fjölmiðlaefnis. Tekið er mið af upptalningunni í liðnum um FJT 215 og er gert ráð fyrir því að nemendur geti að starfsþjálfun lokinni gegnt störfum eins og umbrotsmenn, hönnuðir sjónvarpsgrafíkur, hljóðmenn í hljóðverum, útvarpi og sjónvarpi, myndatökumenn á sjónvarpsstöð undir handleiðslu annarra, aðstoðarútsendingarstjórar eða nánast hvaða tæknimenn sem vera skal í útsendingu útvarps eða sjónvarps.

#### **FJT 135 Framsetning í margmiðlun**

Áfanginn felst í verkefnavinnu á sviði margmiðlunarhönnunar þar sem unnið er að framsetningu upplýsinga- og fjölmiðlaefnis. Við verkefnavinnuna er tekið mið af markhópum sem vinna á efni fyrir. Áhersla er lögð á agað og skipulagt vinnuferli frá fyrstu hugmynd til lokafrágangs hönnunarverkefnis og að góður heildarsvipur sé á lokaútfærslu verkefna. Áfanginn tengir kunnáttu og færni á sviði fjölmiðlunar og tekur til heildstæðrar vinnu með fjölmiðla.

#### **FJT 235 Lokaverkefni**

Áfanginn felst í verkefnavinnu á sviði margmiðlunar þar sem unnið er að framsetningu upplýsinga- og fjölmiðlaefnis. Við verkefnavinnuna er tekið mið af markhópum sem vinna á efni fyrir. Áhersla er lögð á agað og skipulagt vinnuferli frá fyrstu hugmynd til lokafrágangs hönnunarverkefnis og að góður heildarsvipur sé á lokaútfærslu verkefna. Áfanginn tengir kunnáttu og færni á sviði fjölmiðlunar og tekur til heildstæðrar vinnu með fjölmiðla. Verkefnið er sjónvarpsþáttur 30-50 mínútur um efni sem gerir ríkar kröfur um fræðslugildi, ásamt kynningum í prentmiðlum og hljóðvarpi.

## **Þýska**

### **Markmið þýskunáms:**

Nemandi

- hafi byggt upp virkan og óvirkan orðaforða sem nýtist honum til að skilja skýrt talaða þýsku um
- málefni sem snerta líf hans og nánasta umhverfi
- nái meginþræði í óstyttum bókmennta- og nytjatextum á almennu og aðgengilegu máli
- geti tjáð skoðanir sínar og bjargað sér við mismunandi aðstæður
- hafi fengið nokkra innsýn í menningu, siði og venjur þýskumælandi þjóða
- kunnir að leita sér upplýsinga um þýsku og þýska menningu í uppsláttarritum / vefnum þegar þekking hans þrýtur

#### **Þýska 103. Framburður, orðaforði, málfræði**

Mikil áhersla á undirstöðuatriði tungumálsins, málfræði og framburð. Nemendur vinna með einfalda texta og orðaforða sem tengist daglegu lífi. Mikil áhersla á hlustun, ritun og samtalsæfingar. Notkun orðabóka kennd og þjálfuð. Helstu staðreyndir um þýska málsvæðið kynntar og menningar- og viðskiptaleg tengsl Íslands og Þýskalands rifjuð upp.

#### **Þýska 203 Orðaforði, málfræði, menning**

Undanfari: Þýs 103

Haldið áfram að þjálfna færni í lestri, tali, hlustun og ritun og áhersla á að leggja góðan grunn í málfræði og auknum orðaforða sem tengist daglegu lífi, áhugamálum og ferðalögum. Lesnir léttir textar auk kennslubókarinnar. Fræðsla um Berlínarmúrinn og sameiningu þýsku ríkjanna.

#### **Þýska 303 Orðaforði, málfræði, hlustun, málnotkun**

Undanfari: Þýs 203

Áhersla á orðaforða og þjálfun í að tjá sig. Áframhaldandi þjálfun í málfræði. Lesnir léttir textar og nemendur fræðast um nám og atvinnuhætti á þýska málsvæðinu. Samhliða námsefni eru nemendur fræddir um siði og venjurog daglegt líf í þýskalandi.

#### **Þýska 403 Orðaforði daglegs lífs, málfræði, bókmenntatextar**

Undanfari: Þýs. 303

Aðaláhersla á málnotkun og málfræði. Áhersla á fréttir og það sem er efst á baugi í Þýskalandi og öðrum löndum á þýska málsvæðinu. Þýsk ljóðahefð kynnt og léttir bókmenntatextar lesnir.

#### **Þýs 503 Bókmenntir og málefni líðandi stundar**

Undanfari: Þýs 403

Áhersla á fjölbreytta texta og munnlega og skriflega þjálfun. Lesnir bókmenntatextar og málfræði rifjuð upp. Nemendur fá að velja efni sem tengist áhugasviði þeirra. Umfjöllun um málefni líðandi stundar í hinum þýskumælandi löndum.